allt
ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON:
Dregur konuna á flot
• ferðir • brúðkaup
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



FÓLK
FLAGS OF OUR FATHERS:
Mörg hundruð manns í prufu
MÆTIR AUDDI EASTWOOD?
24 ▶

TÓNLIST
JÓN INGI HÁKONARSON:
Leitar að tengdasyni Íslands
STJARNA VETRARINS
30 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júlí 2005 - 194. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Glæsilegt framtak

Söngleikurinn Annie var frumsýndur í Austurbæ á sunnudaginn. Það er fagmannlega staðið að öllum þáttum sýningarinnar og allt yfirbragð hennar ber vott um fágun og smekkvísi. Gamla góða sveiflan í fullum gangi og andi fjórða áratugarins fangaður í búningum, leikmynd og ekki síst tónlistinni sem svífur yfir vötnum í hreint frábærri stjórn Óskars Einarssonar.

LEIKLIST 27

Tvær þjóðsögur

Sú þjóðsaga að á Íslandi séu örfáir menn að sanka að sér sífellt stærra hlutfalli eigna á Íslandi er röng, segir Geir Ágústsson. Kakan er einfaldlega að stækka og um leið allar sneiðar hennar, þar með taldar þær stóru.

Í DAG 16

Neftchi Baku ætlar sér sigur

FH-ingar taka á móti Neftchi Baku frá Azerbaídsjan í síðari viðureign liðanna í 1. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar í kvöld. Gestirnir mæta til leiks með tveggja marka forystu frá fyrri leiknum og ætla sér að auka við þá forystu í Hafnarfirði í kvöld.

ÍÞRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG



HÆG BREYTILEG ÁTT Á landinu verður víða bjartviðri. Þó eru líkur á þokubökkum með ströndum. Hiti 10-20 stig.

VEÐUR 4



Leggja sex milljarða í danskt fasteignafélag

Baugur kaupir 30 prósenta hlut í danska fasteignafélaginu Keops fyrir sex milljarða króna. Félagið er hástökkvari ársins í dönsku kauphöllinni, eignir félagsins hafa stóraukist að undanförnu og nema nú tæpum 80 milljörðum króna.

VIÐSKIPTI Baugur hefur keypt 30 prósenta hlut í danska fasteignafélaginu Keops fyrir um sex milljarða íslenskra króna.

Starfsemi Keops felst meðal annars í því að kaupa og endurnýja atvinnu- og íbúðarhúsnæði, bæði til útleigu og sölu. Einnig er starfrækt innan félagsins nokkurs konar eignarhaldsfélag sem heldur utan um fjárfestingar í fasteignum. Húsnæði félagsins er aðallega í Kaupmannahöfn og víðar í Danmörku en einnig í Svíþjóð og á Spáni.

Félagið hefur verið skráð í kauphöllina í Danmörku frá árinu 1998. Gengi félagsins hefur hækkað mikið að undanförnu og er það hástökkvari ársins í dönsku kauphöllinni. Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Nordic fjárfestinga, félagsins sem sér um fjárfestingar Baugs á Norðurlöndum, segir félagið ætla að koma að stjórnun Keops. Ráðgert er að halda hluthafafund í ágúst þar sem fulltrúar Baugs taki sæti í stjórn Keops.

HÖFUÐSTÖÐVAR KEOPS Í KAUPMANNAHÖFN Baugur er að skoða frekari fjárfestingar í Danmörku.

Heildareignir félagsins nema nú tæpum áttatíu milljörðum íslenskra króna en eignir þess hafa stóraukist að undanförnu með kaupum á ýmsum fasteignum.

Tekjur félagsins á síðasta ári námu í kringum átta milljarða króna og hagnaður félagsins var tæpar 800 milljónir króna.

Baugur keypti 30 prósenta hlut sinn af stofnanda og forstjóra félagsins en hann átti hátt í 70 prósenta hlut í félaginu. Baugur verður því næststærsti eigandi félagsins.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Baugur fjárfestir í verslunarhúsnæði en fyrir á félagið umtalsverðan hlut í fasteignafélaginu Stoðum og félagið seldi nýlega 10 prósenta hlut sinn í breska fasteignafélaginu LxB. Baugur á fyrir hlut í fasteignafélagi sem stofnað var í kringum húsnæði Magasin du Nord við Kóngsins Nýjatorg.

Skarphéðinn Berg segir Baug vera að skoða frekari fjárfestingar í Danmörku. **- dh**

FRÉTTABLAÐIÐ/HH

STÖÐVUÐU VINNU Mótmælendur stöðvuðu stórar vinnuvélar með því að taka sér stöðu fyrir framan þær. Birgitta Jónsdóttir, einn talsmanna mótmælendanna í tjaldbúðunum við Kárahnjúka, sagði að sér kæmi ekki á óvart þó að fleiri slík mótmæli yrðu á næstunni.

Mótmælendur stöðvuðu vinnu við Kárahnjúka:

Hlekkjuðu sig við vinnuvélar

MÓTMÆLI Átján erlendir mótmælendur stöðvuðu vinnu hluta starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun um rúmar tvær klukkustundir í gær með því að fara í óleyfi fótgangandi inn á vinnusvæðið og hlekkja sig við vinnuvélar og leggjast í veg fyrir vinnutæki. Lögreglan á Egilsstöðum fjarlægði mótmælendur. Þrettán voru handteknir mótspyrnulaust en áður en lögreglan kom höfðu fimm þeirra horfið af vettvangi. Helgi Jensson, fulltrúi sýslumannsins á Seyðisfirði, segir óljóst hvaða eftirmálar verði af aðgerðunum en það ráðist meðal annars af því hvort Impregilo leggi fram kæru.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir líklegt að kæra verði lögð fram. „Við munum fara yfir þetta mál og athuga hvort hægt sé að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða svo að atvik af þessu tagi endurtaki sig ekki," segir Ómar.

Birgitta Jónsdóttir, einn talsmanna mótmælendanna í tjaldbúðunum við Kárahnjúka, segir íslenska tjaldbúðafólkið ekki hafa staðið fyrir mótmælunum en þeir útlendingar sem tóku þátt í þeim gisti þó í tjaldbúðunum. „Þarna eru allir á eigin vegum en mér persónulega finnst ekkert athugavert við aðgerðir af þessu tagi svo fremi að ekki hljótist mannskaðar af," segir Birgitta. **- kk**

SKAFTAFELL VIÐ SKEMMDA BRYGGJUNA Skipið sigldi utan í bryggjuna í Reyðarfirði.

Fyrsta skipið í álvershöfninni:

Sigldi á nýju bryggjuna

ÓHAPP Nokkurt tjón varð á nýju álvershöfninni í Reyðarfirði í gær þegar Skaftafell lagðist þar að bryggju fyrst skipa. Rúnar Sigurjónsson, hafnarstjóri á Reyðarfirði, segir að skutur skipsins hafi rekist í bryggjuna í vindhviðu en sérfræðingar meti skemmdirnar í dag. „Það eru sýnilegar skemmdir á steyptum kanti á bryggjunni en við fyrstu athugun virðist stálþilið vera óskemmt," segir Rúnar.

Í farmi Skaftafells er risakrani með allt að 110 tonna lyftigetu og verður hann notaður við uppskipun á stórförmum og gámum með hráefni til álversins. **- kk**

Promens kaupir Bonar Plastics:

Eitt stærsta iðnfyrirtækið

VIÐSKIPTI Promens, sem áður starfaði undir merkjum Sæplasts, hefur fest kaup á breska félaginu Bonar Plastics sem var í eigu Low & Bonar. Kaupverðið er um þrír milljarðar króna og gera stjórnendur Promens ráð fyrir að veltan þrefaldist. Félagið verður með starfsemi í tólf löndum og verður eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins.

Promens er dótturfélag Atorku Group, stærsta hluthafans í Low & Bonar. Magnús Jónsson, stjórnarformaður Atorku Group, segir að viðskiptin hafi verið góð fyrir báða aðila og félagið líti á Low & Bonar sem góðan fjárfestingarkost þrátt fyrir söluna.

- eþa / Sjá Markaðinn

SPURNING DAGSINS

Benedikt, hefurðu eitthvað á móti almenningssundlaugum?

„Alls ekki, ég stunda þær líka grimmt."

Benedikt S. Lafleur sjósundkappi ætlar að synda í öllum fjörðum Vestfjarðakjálkans í ágúst.

Á annan tug Íslendinga halda til Afganistan:

Konur í friðargæslu

UTANRÍKISMÁL „Stefnt er að því að ein til tvær konur haldi til Afganistan í haust," segir Arnór Sigurjónsson, hjá íslensku friðargæslunni. Í lok júlí halda tveir hópar til þjálfunar í Noregi en í september að þjálfuninni lokinni halda friðargæsluliðarnir til Afganistan. Hóparnir sem hvor um sig skipa um átta til níu manns er ætlað að starfa í um fjóra mánuði í Afganistan á vegum friðargæsluliðs Atlanthafsbandalagsins. Konur verða þannig í fyrsta skipti við friðargæslustörf í Afganistan.

„Þetta eru tvö sambærileg teymi sem fara til norðurs og vesturs. Þau vinna endurreisnar- og uppbyggingarstarf í sveitum landsins og þetta er hluti af viðleitni friðargæsluliðs Atlantshafsbandalagsins að stuðla að stöðugleika í landinu," segir Arnór.

Íslenskir friðargæsluliðar starfa með norskum og finnskum friðargæsluliðum í norðurhlutanum en með litháískum, lettneskum og dönskum í vesturhlutanum.

- hb

FRIÐARGÆSLULIÐAR Í KABÚL Konur halda nú í fyrsta sinn til Afganistans.

Nýtt sendiráð:

Indland næst á dagskrá

SENDIRÁÐ Davíð Oddsson utanríkisráðherra gerði grein fyrir undirbúningi að nýju sendiráði Íslands á Indlandi á ríkisstjórnarfundi í gær. Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður hans, segir að hugsanlega taki það til starfa um næstu áramót. „Þetta er í samræmi við aukna áherslu á samskipti við Asíu og markaði þar," segir Illugi. Hann bendir á tvíhliða viðskiptasamninga sem þjóðirnar hafi gert og samninga sem gerðir hafa verið í nafni EFTA.

Hugsanlegt er að starfsemin í Strassborg verði flutt til Parísar í sparnaðarskyni um leið og kostnaður utanríkisþjónustunnar í Asíu eykst. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

UNDIRRITUN SAMKOMULAGSINS Franz Árnason forstjóri Norðurorku, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri og Gunnar Björn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Tengis.

Lagning ljósleiðara:

Bylting í gagnaflutningi

TÆKNI Akureyrarbær hefur samið við Tengi hf. um lagningu á 250 kílómetra löngu ljósleiðaraneti um nær alla Akureyri á næstu árum. Kostnaðurinn verður um einn milljarður króna og segir Gunnar Björn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Tengis, að með tilkomu ljósleiðaranetsins opnist Akureyringum margvíslegir möguleikar varðandi gagnvirk samskipti, aðgengi að fjölmiðlum og afþreyingu.

„Undanfarin þrjú ár höfum við lagt 100 kílómetra af ljósleiðurum í götur bæjarins. Um 200 íbúðir eru nú þegar tengdar ljósleiðaranetinu í tilraunaskyni en næst munum við tengja 430 íbúðir í Naustahverfi. Að ári reiknum við með að 1.000 íbúðir verði tengdar ljósleiðaranetinu en fjölbýlishúsahverfi verða í forgangi," segir Gunnar Björn. **- kk**

NÝR RITSTJÓRI

FJÖLMIÐLAR Magnús Björn Ólafsson stjórnmálafræðinemi hefur verið ráðinn ritstjóri Stúdentablaðsins næsta vetur og tekur við af Helgu Arnardóttir. Sjö sóttu um starfið. Magnús hóf að skrifa greinar í blaðið á vorönn 2004 og var í ritstjórn blaðsins síðasta vetur. Stúdentablaðið, sem varð varð nýverið áttatíu ára, kemur út mánaðarlega yfir veturinn og hefur undanfarin ár verið dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu.

KÍSILIÐJAN Í MÝVATNSSVEIT Húsakynni og ýmis búnaður verksmiðjunnar kann að nýtast í nýju hlutverki.

Ætla að framleiða vörubretti úr pappír

Iðnaðarráðherra segir framleiðslu á vörubrettum úr pappír álitlegan kost fyrir Mývetninga og hefur gefið Nýsköpunarsjóði heimild til kaupa á hlut í slíkri verksmiðju.

MÝVATNSSVEIT Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra hefur heimilað Nýsköpunarsjóði að ganga til samninga um kaup á hlutum í félagi sem áformar að framleiða vörubretti úr endurvinnanlegum pappír í Mývatnssveit.

„Athuganir sýna að þetta geti verið hagkvæmur og arðvænlegur kostur. Nýsköpunarsjóður hefur heimildina og metur sjálfstætt nokkra áhættuþætti áður en lengra verður haldið," segir Valgerður.

Frá því að starfsemi Kísiliðjunnar í Mývatnssveit var hætt í desember síðastliðnum hefur iðnaðarráðuneytið hugað að því hvort og hvernig unnt væri að nýta mannvirki verksmiðjunnar og reka stoðir undir atvinnulífið í sveitarfélaginu. Til grundvallar lá meðal annars samþykkt ríkisstjórnarinnar frá árinu 2003 um 200 milljóna króna framlag til iðnaðarverkefnis í þágu búsetuþróunar á landsbyggðinni.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Framleiðsla á vörubrettum úr endurvinnanlegum pappír var einn þeirra kosta sem talinn var líklegur til að skila árangri og var Nýsköpunarsjóði falið að meta arðsemi og áhættu verkefnisins síðla vetrar. Niðurstaða sjóðsins hefur nú borist iðnaðarráðuneytinu og er hugmynd um pappabrettaverksmiðju talin áhugaverð og arðbær. Stofnkostnaður fyrsta áfanga er áætlaður um 1.800 milljónir króna.

„Félagið sem vinnur að þessu verkefni heitir Grænar lausnir og unnið er að þessu í samvinnu við franska aðila," segir Valgerður. Ráðgert er að framleiða hátt í fimm milljónir vörubretta úr 11 þúsund tonnum af úrgangspappír á ári hverju. Þá er ætlunin að nýta húsakost Kísiliðjunnar að einhverju leyti en fyrst og fremst er sóst eftir jarðgufuorkunni til framleiðslunnar. Valgerður segir að í fyrsta áfanga geti verksmiðjan veitt um 20 manns vinnu. „Síðast en ekki síst er þetta gríðarlega umhverfisvænn kostur. Þessi bretti eru léttari og hreinlegri en venjuleg trébretti og handhæg í notkun. Ég er bjartsýn og vona sannarlega að þetta verði að veruleika," segir Valgerður Sverrisdóttir.

johannh@frettabladid.is

Hús í Kópavogi:

Sólarhitinn sprengdi rúðu

ÓHAPP Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fékk um kvöldmatarleytið í gær tilkynningu um að sprenging hefði orðið á þrettándu hæð fjölbýlishúss við Rjúpnasali í Kópavogi.

Íbúar á tólftu hæð heyrðu sprenginguna, sáu glerbrot falla til jarðar og hringdu í neyðarlínuna.

Allt tiltækt lið var sent á vettvang en þegar að var komið sást enginn eldur og litlar skemmdir, einungis rúða hafði sprungið. Svo virðist sem sólarhitinn hafi valdið sprengingunni. **- shg**

MYND/AP

LÍKIN FLUTT Á BROTT Mijbil Issa var skotinn til bana ásamt lífverði sínum og ráðgjafa.

Hátt settur súnníi:

Skotinn vegna nefndarsetu

BAGDAD, AP Mijbil Issa, einn fulltrúi súnnía í stjórnarskrárnefnd Íraks, var skotinn til bana ásamt tveimur aðstoðarmönnum sínum í Bagdad í gær.

Súnníar hafa verið í hópi þeirra sem hvað harðast hafa barist gegn hernámsliðinu og ríkisstjórninni enda eru þeir mjög óánægðir með sinn hag. Þeim voru tryggð nokkur áhrif í stjórnarskrárnefndinni en greinilegt er að öfgamenn vilja auka enn frekar á óánægju súnníanna með því að hræða þá frá þátttöku í stjórnmálum.

Fjöldi manns lést í hryðjuverkaárásum í Írak í gær, meðal annars voru 13 verkamenn skotnir nærri Baqouba. ■

Spennan magnast enn fyrir botni Miðjarðarhafs:

Lögregla og mótmælendur tókust á

GAZA, AP Ísraelskar öryggissveitir vörnuðu andstæðingum brottflutnings landnema frá Gaza-ströndinni vegar í gær. Á sama tíma vex spennan í herbúðum Palestínumanna.

Til pústra kom í gær milli ísraelskra lögreglumanna og fólks sem leggst gegn rýmingu ísraelskra landnemabyggða á Gaza-ströndinni en þúsundir mótmælenda höfðu komið sér fyrir í þorpinu Kfar Maimon. Þeir ætluðu að halda til Gaza en lögregla setti þeim stólinn fyrir dyrnar. Þrír lögreglumenn voru fluttir á sjúkrahús og allmargir mótmælendur voru handteknir.

Ríkisstjórnin boðar áframhaldandi hörku í samskiptum sínum við mótmælendur.

Á Vesturbakkanum felldu ísraelskir hermenn tvo palestínska skæruliða sem sagðir eru hafa tilheyrt samtökunum Heilagt stríð og Al Aqsa herdeildunum.

Spenna fer vaxandi í samskiptum Mahmouds Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar, og Hamas-samtakanna. Abbas hefur farið þess á leit við Al-Aqsa herdeildirnar að þær gangi til liðs við hann í baráttunni við Hamas til að tryggja að brottflutningurinn frá Gaza gangi snurðulaust fyrir sig. ■

PÚSTRAR OG ÁTÖK Í brýnu sló milli lögreglumanna og mótmælenda nærri Gaza í gær. Ekki liggur fyrir hversu margir mótmælendurnir voru, þeir segjast hafa verið um tuttugu þúsund en lögreglan telur að þeir hafi verið um sjö þúsund.

ENNEMM / SÍA / NM17141
NÁMUS EST LÍFSTÍLL
NÁM ER LÍFSSTÍLL
Námslán
LÍN í KB Netbanka
KB Námsmenn geta sótt um námslán hjá LÍN í gegnum KB Netbanka ásamt því að fylgjast með sínum málum hjá LÍN.
Ábyrgð KB banka getur komið í stað sjálfskuldarábyrgðar einstaklings vegna námslána hjá LÍN.
Gegn lánsloforði frá LÍN geta KB Námsmenn fengið framfærslulán hjá bankanum sem nemur allt að 100% af áætlaðri lánveitingu.
KB Námsmönnum býðst yfirdráttarlán með aðeins 11,3% vöxtum.*
Almennur frestur til að sækja um námslán vegna skólaársins 2005 - 2006 er til 30. september 2005 en eftir þann tíma skerðist lánsréttur ef nám er þá hafið.
* Skv. vaxtatöflu KB banka frá 1. júlí 2005.
KB Námsmenn
www.kbnamsmenn.is
KB BANKI

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.07.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	65,3	65,62
Sterlingspund	GBP	113,55	114,11
Evra	EUR	78,16	78,6
Dönsk króna	DKK	10,472	10,534
Norsk króna	NOK	9,747	9,805
Sænsk króna	SEK	8,291	8,339
Japanskt jen	JPY	0,5788	0,5822
SDR	XDR	94,27	94,83

Gengisvísitala krónunnar

109,7154

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan í Kópavogi yfirheyrði mann og unga stúlku:

Grunaður um að selja vændislista

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Kópavogi hefur yfirheyrt mann sem grunaður er um dreifingu lista með nöfnum vændiskvenna á netinu.

Sextán ára stúlka hefur einnig verið yfirheyrð en grunur leikur á því að maðurinn hafi fengið afnot af reikningi hennar til þess að taka við greiðslu fyrir listana.

Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum í fyrradag og ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvert framhald málsins verður að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns í Kópavogi. „Verið er að skoða málið í ljósi framburða þessara tveggja vitna sem búið er að yfirheyra og verður ákvörðun um framhald málsins tekin í kjölfarið."

Talið er að maðurinn hafi notfært sér tvo einkamálavefi til að koma listunum í dreifingu. Verið er að rannsaka vefina en Friðrik Smári segir ekkert hægt að staðfesta að svo stöddu um þeirra þátt.

Maðurinn er grunaður um brot á hegningarlögum sem varða milligöngu vændis en brot á þeim geta varðað allt að fjögurra ára fangelsi.

- ht

KÓPAVOGUR Lögreglan í Kópavogi yfirheyrði í fyrradag mann sem grunaður er um dreifingu lista með nöfnum vændiskvenna. Lögregla hefur einnig yfirheyrt sextán ára gamla stúlku sem talin er tengjast málinu.

Sjávarútvegsráðuneytið:

Minna veitt af kolmunna

SJÁVARÚTVEGUR Íslensk skip mega veiða 590.000 lestir af kolmunna á þessu ári að því er sjávarútvegsráðherra ákvað í gær. Kvóti ársins verður því 123.000 lestum minni en árið 2004 að því er segir í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu.

Ákvörðun um heildarkvóta ársins er tekin í ljósi ráðleggingar um mikilvægi þess að minnka sókn í kolmunna. Einnig tekur hún mið af veiðistöðvun Norðmanna og viðbrögðum Evrópusambandsins og Færeyja við henni. Ekki hefur náðst samkomulag um veiðar og skiptingu kolmunnakvóta en vonast er til þess að tilslakanir ríkjanna geti hreyft við samningagerð. **- ht**

JÖKULFELL Björgunarþyrla þótti koma seint á vettvang þegar það sökk.

Jökulfellsrannsóknin:

Þyrla 80 mínútum of sein

FÆREYJAR Þyrla hefði getað komið á vettvang klukkutíma og tuttugu mínútum fyrr en raun bar vitni þegar flutningaskipið Jökulfell sökk út af Færeyjum í febrúar. Þetta er niðurstaða óháðra sérfræðinga frá Norsk Veritas sem telja að senda hefði átt þyrluna mun fyrr á vettvang. Útvarp Föroya greindi frá þessu.

Sex skipverjar fórust þegar Jökulfellinu hvolfdi. Meira en tvær klukkustundir liðu frá því að neyðarkall barst áður en björgunarþyrla frá Sjóbjörgunarstöðinni í Færeyjum fór af stað.

- grs

Fiskvinnslan Suðurnes:

Ræða framtíð fyrirtækisins

FISKVINNSLA Eigendur fiskvinnslufyrirtækisins Suðurness í Reykjanesbæ komu til landsins frá Hollandi í gærkvöld til að ræða framtíð fyrirtækisins við forsvarsmenn þess hér á landi.

Að sögn Stefaníu Valgeirsdóttur framkvæmdastjóra fyrirtækisins verður dagurinn í dag tekinn í að ræða við starfsfólk um stöðu mála. Hún segir starfsfólk sitt eiga mikla virðingu skilda.

Framtíð fyrirtækisins ræðst væntanlega fyrir vikulok. **- oá**

Aðgerðasveitir settar til höfuðs öfgastefnum

Tony Blair hitti forystumenn breskra múslima í gær og boðaði í kjölfarið til stofnunar aðgerðasveita sem uppræta eiga „illa hugmyndafræði".

BRETLAND Eftir fund sinn með forkólfum breska múslimasamfélagsins boðaði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, stofnun sérstakra aðgerðasveita sem taka eiga á öfgastefnum. Lögregla rannsakar nú fjárreiður mannanna sem taldir eru hafa framið hryðjuverkin í Lundúnum 7. júlí.

Tony Blair fundaði í gær með 25 forystumönnum múslima í Bretlandi, þar á meðal þingmönnum, athafnamönnum, menntafrömuðum og klerkum. Leiðtogum stjórnarandstöðunnar var einnig boðið til fundarins, svo og Jack Straw utanríkisráðherra.

Á blaðamannafundi að viðræðunum loknum sagði Blair að aðgerðasveitunum, sem skipaðar verða múslimum, væri ætlað að fara inn í hverfi þar sem múslimar eru fjölmennir og uppræta „illa hugmyndafræði" byggða á skrumskælingu íslams með því að „sigra hana með rökum og skynsemi".

Sir Iqbal Sacraine, forseti Breska múslimaráðsins, sagði fundinn hafa verið „ágætisæfingu fyrir forsætisráðherrann og múslima úr ýmsum þjóðfélagsstéttum í að hlusta hver á annan". Hann bætti því við að þeir múslimar sem óttast væri að gripið gætu til hryðjuverka væru afar fáir. Þá þyrfti hins vegar að finna og laga aftur að samfélaginu.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, er staddur í Bretlandi og hann tók þátt í blaðamannafundinum með Blair. Hann fordæmdi hryðjuverkin í Lundúnum og kváðust þeir Blair sammála um að virkt lýðræði væri besta meðalið gegn öfgastefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VIÐ DOWNINGSTRÆTI 10 Hamid Karzai, forseti Afganistans, hitti Tony Blair í gær. Fundur þeirra snerist þó helst um fíkniefnaframleiðsluna í heimalandi Karzai og baráttuna við uppreisnarmenn.

Lögreglurannsókn á hryðjuverkunum stendur enn yfir og beinist hún nú einkum að fjármögnun árásanna. Vonir standa til að finnist vísbendingar um að háar peningaupphæðir hafi verið lagðar á reikning árásarmannanna megi hafa hendur í hári þeirra sem lögðu á ráðin um ódæðin. Sérfræðingar benda hins vegar á að umfang árásanna á Lundúnir hefði verið mun minna en hryðjuverkanna 11. september 2001 og rannsóknin muni því skila litlu. „Allt sem þurfti var sprengiefni, þrír flugmiðar til Pakistans, bílaleigubíll, nokkrir miðar í lestir og neðanjarðarlestir. Allt var þetta sennilega greitt út í hönd," segir Loretta Napoleoni, höfundur bóka um hryðjuverk.

sveinng@frettabladid.is

MYND/AP

FARYADI ZARDAD

Rændi og pyntaði:

Tuttugu ára fangelsisvist

DÓMSMÁL Sakadómur Lundúnaborgar dæmdi í gær Faryadi Zardad, 42 ára stríðsherra frá Afganistan, í 20 ára fangelsi.

Zardad var fundinn sekur í fyrradag fyrir mannrán og pyntingar en hann hafi tekið í eigin hendur stjórn stórs svæðis á milli Kabúl og Jalalabad. Mörg fórnarlambanna voru mánuðum saman í gíslingu og þeim hafði verið misþyrmt hrottalega meðan á vistinni stóð.

Þetta er í fyrsta sinn sem dæmt er fyrir slík brot í öðru landi en því sem þau voru framin og hvorki gerandinn né fórnarlambið eru ríkisborgarar í landinu þar sem dómstóllinn starfar. ■

TAÍLAND

NEYÐARLÖG SETT Í SUÐRINU Ríkisstjórnin í Taílandi hefur sett á neyðarlög í þremur héruðum í suðurhluta landsins en samkvæmt þeim er yfirvöldum heimilt að hneppa mann í varðhald án ákæru og ritskoða fjölmiðla. Átök hafa geisað á svæðinu á milli stjórnarhersins og íslamskra þjóðfrelsishópa undanfarið hálft annað ár og hafa 900 manns fallið í þeim átökum.

LANDBÚNAÐUR

MJÓLKURSALA EYKST Mjólkursala hefur aukist um tvö prósent síðasta árið að því er fram kemur á vef Landsambands kúabænda. Mest aukning er í sölu á drykkjarskyri, rjóma og ostum auk smjörs.

Minningarmót um fyrrum félaga okkar,

Davíð Helgason

verður haldið á Ekkjufellsvelli næstkomandi laugardag 23/7

Keppt verður í höggleik án forgjafar og punktakeppni með forgjöf (hámark 24). Glæsileg verðlaun verða fyrir 1. - 3. sæti í höggleik og fyrir 1.-5. sæti í punktakeppni. Þá verða nándarverðlaun á fyrstu og níundu braut, verðlaun fyrir lengsta drive á þriðju og dregið úr skorkortum í mótslok.

Ræst verður út á milli kl 8-10 og svo 12-14.
Skráning á golf.is eða í síma 858-8837 Kristmann.
Skráningu lýkur kl. 21:00 föstudaginn 22. júlí.

HAMPIÐJAN
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Velkomin um borð!
LYSTADÚN Marco SNÆLAND
Trans-Atlantic
SINDRI·KHB
IH ICELANDAIRHOTELS

VEÐRIÐ Í DAG

Loksins sumarblíða
Næstu daga má reikna með hægum breytilegum vindáttum, hægviðri eða hafgolu. Það verður víða bjartviðri en þó eru líkur á þokubökkum meðfram strönd hér og hvar.
Hitinn er að hækka og gæti hann farið yfir 20 stigin í dag um landið austanvert en það verður mun svalara þar sem þokunnar gætir. Það er útlit fyrir að þetta veðurlag haldi sér fram yfir næstu helgi.
Góða skemmtun :-)

Í dag



Á morgun



Hæg breytileg átt, víða bjart og fremur hlýtt - þokubakkar með ströndum.

Föstudagur



Hæg breytileg átt, víða bjart og fremur hlýtt -gæti orðið súld með vesturströndinni.

Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	21°C	sk.m.köflum	Algarve	30°C	heiðskírt	Róm	28°C	heiðskírt
Ósló	19°C	skýjað	Mallorca	27°C	sk.m.köflum	Alicante	32°C	heiðskírt
London	21°C	léttskýjað	Krít/Chania	25°C	heiðskírt	Kýpur	33°C	heiðskírt
París	20°C	rigning	Barcelona	28°C	heiðskírt	Rimini	25°C	heiðskírt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Afnemum VSK
af öllum útsöluvörum

TAX FREE
ÚTSALA

Nú afnemum við VSK
af allri útsöluvöru

30-90% afsláttur
af upprunalegu verði.

+ VSK af

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP

www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Á Árni Magnússon að fara í framboð í norðvesturkjördæmi?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	69,6%
Nei	30,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Getur Samfylking boðið fram R-lista án hinna flokkanna?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Fellibylurinn Haitang veldur usla í Kína:

Milljón manns leitaði skjóls

KÍNA, AP Meira en ein milljón manna flúði heimili sín undan veðurofsanum sem fylgdi fellibylnum Haitang inn á land á suðaustuströnd Kína í gær. Áður hafði bylurinn valdið usla á Taívan með mikilli úrkomu og mannskaðavindhæð. Fjórir fórust af völdum óveðursins þar.

Vindhæðin var 119 kílómetrar á klukkustund er fellibylurinn skall á hafnarbænum Huangqi í Fujian-héraði síðdegis að staðartíma. Óttast var að flóð hefði eyðilagt fjölda þorpa á ströndinni. Áður höfðu íbúarnir verið fluttir í neyðarskýli innar í landi. Alls flúðu þannig yfir ein milljón manna heimili sín í héruðunum Fujian og Zhejiang, að því er kínverska ríkissjónvarpið greindi frá.

Vindhraðinn gekk þó hratt niður er bylurinn færðist inn á land í norðvesturátt og að sögn Xinhua-fréttastofunnar gerðu stjórnvöld ráð fyrir að fellibylurinn hefði breyst í venjulega hitabeltislægð innan við sólarhring eftir að hann kom inn yfir meginlandið. **- aa**

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LEITAÐ SKJÓLS Hermenn hjálpa fólki úr fjallaþorpi í Wenling í Zhejiang-héraði í Suðaustur-Kína í skjól undan fellibylnum Haitang í gær.

Skattframtöl öryrkja:

Ekkert fundað fyrr en í ágúst

FÉLAGSMÁL Fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtaka lífeyrissjóða hafa enn ekki fundað vegna bréfs sem um 1.300 öryrkjar fengu á dögunum þar sem þeir voru krafðir um skattframtöl síðustu þriggja ára fyrir örorkumat. Öryrkjabandalag Íslands óskaði eftir slíkum fundi í síðustu viku svo hægt væri að fara yfir málin.

Ekki er búist við að fundurinn verði haldinn í þessum mánuði vegna sumarleyfa en samkvæmt heimildum blaðsins hefur verið rætt um halda hann í ágúst. **- grs**

Stefán Jón segir erfitt að þagga niður í Össuri

Össur Skarphéðinsson segist ekki vilja útiloka að gefa kost á sér sem borgarstjóraefni en segir að hugmyndin komi honum á óvart. Steinunn Valdís Óskarsdóttir segir hugsanlegt framboð Össurar engin áhrif hafa á sitt framboð.

SVEITASTJÓRNARMÁL Össur Skarphéðinsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, segist ekki útiloka að hann gefi kost á sér sem borgarstjóraefni Samfylkingarinnar í Reykjavík.

„En mér hefur ekki flogið þetta í hug. Það er skemmtilegt hvað menn eru hugmyndaríkir. Ég er þingmaður borgarbúa og ég hef mikinn áhuga á málefnum Reykjavíkurlistans. Ég vil ekki að þau málefni verði lokuð af í bakherbergjum flokksmaskínanna. Ég hef sterkar skoðanir á því sem Reykjavíkurlistinn hefur vel gert og líka á því sem mér finnst þurfa að lagfæra. Ég læt engan þagga niður í mér hvort sem það varðar málefni gæslukvenna eða viðhorf mín um að allir stuðningsmenn listans eigi að fá kost á að velja frambjóðendur eða borgarstjóraefni," segir Össur.

Aðspurður um hvort hann myndi íhuga að gefa kost á sér ef til hans yrði leitað segir Össur. „Þetta kemur svo algjörlega flatt upp á mig að ég hef ekkert meira um þetta að segja í bili."

MYND/PÁLL BERGMANN

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON „Þetta kemur algjörlega flatt upp á mig."

Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að Össur geti tekið þátt í prófkjöri eins og aðrir. „Ég hef alltaf verið talsmaður þess að það verði sem opnast val og víðtækust þátttaka um það hvernig Reykjavíkurlistinn verður til og það hlýtur að fela í sér að Össur getur verið með eins og allir aðrir. En eins og öllum er kunnugt hefur enginn reynt að þagga niður í honum síðustu daga enda er það vonlaust," segri Stefán Jón.

Steinunn V. Óskarsdóttir, borgarstjóri og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að mögulegt framboð Össurar hafi engin áhrif á hennar áform og hún hafi lítið um það að segja. „Það er algjörlega mál þeirra sem vilja fara fram. Mér finnst mestu máli skipta að sá sem verður borgarstjóraefni R-listans geti unnið með samstarfsflokkunum að því gefnu að af framboði R-listans verði og það tel ég mig geta," segir Steinunn.

STEINUNN V. ÓSKARSDÓTTIR Hefur lítið um framboð Össurar að segja.

STEFÁN JÓN HAFSTEIN Segir vonlaust að þagga niður í Össuri.

hjalmar@frettabladid.is

Hungursneyð blasir við Afríkuríkinu Níger:

Of máttfarin til að neyta matar

HUNGURSNEYÐ Hungursneyð ríkir í Afríkuríkinu Níger en þar búa 3,6 milljónir manna við alvarlega vannæringu. Börn eru talin í sérstakri hættu.

Miklir þurrkar hafa verið í suðurhluta Níger undanfarna mánuði og til að bæta gráu ofan á svart hafa engisprettur étið stærstan hluta uppskeru síðasta árs.

Hjálparsamtökin World Vision vara við að tíunda hvert barn á þurrkasvæðunum geti dáið af völdum vannæringar. Sum barnanna í hjálparbúðum samtakanna eru svo illa haldin að þau geta ekki komið neinum mat niður. „Augljóslega eru ekki allir jafnir fyrir Guði. Sjáið okkur, ekkert okkar á neitt að borða," sagði móðir lítillar, sársvangrar stúlku við fréttamann BBC.

TÓMUR MAGI World Vision samtökin vara við því að allt að tíunda hvert barn á þeim svæðum þar sem neyðin er stærst geti dáið úr sulti.

Hjálparsamtök gagnrýna hversu litla aðstoð Nígermenn hafa fengið þar sem ljóst var í hvað stefndi fyrir mörgum mánuðum síðan. Þau telja að neyðin muni aukast á næstu mánuðum verði ekki gripið inn í.

Níger er víðfeðmt en strjálbýlt eyðimerkurríki, eitt fátækasta land jarðar. **-shg**

www.volkswagen.is

Passat

– nýtt orð yfir lúxus

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

Volkswagen Passat er nú stærri, rúmbetri, öflugri, fágaðri og betur búinn en nokkru sinni.

Passat býðst með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), rafræna handbremsu, fjarstýrða opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Lúxus hefur fengið nýja ásýnd. Komdu og kynnstu Volkswagen Passat.

Verð 2.690.000 kr.

Comfortline, 2000 FSI® 150 hestöfl, 6 gíra sjálfskiptur

Verð 2.275.000 kr.

Trendline, 1600 FSI® 115 hestöfl, 6 gíra beinskiptur

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!
SPARAÐU PENINGA
MICHELIN
BFGoodrich
...einfaldlega betri!
DEKKJA LAGERINN
755 3355
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
DEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

DV
Keypti einkabotuna til að geta vaknað með syninum
Björgólfur Thor opnar hug sinn og sýnir einlæga föðurást
Þorir þegar aðrir þegja!

Ísraelsk stjórnvöld vísuðu íslenskri stúlku úr landi:

Var haldið í þrjátíu klukkustundir

MIÐ-AUSTURLÖND Tvítug stúlka, Arna Ösp Magnúsdóttir, var í fyrradag handtekin af ísraelskum landamæravörðum á Ben Gurion flugvellinum og virðist hafa verið vísað úr landi. Í tölvupósti sem hún sendi frá Sviss í gær sagði hún að sér hefði verið „haldið í 30 klst án þess að fá að hafa samband við neinn, ekki einu sinni konsúlinn“.

Hún segist hafa sætt tíu tíma stanslausri yfirheyrslu sem hafi verið mjög ógnandi. „Þegar ég minntist á réttindi var mér ýtt inn í klefa og tilkynnt að ég ætti engin réttindi.“

Arna var í Palestínu í þrjá mánuði síðasta sumar og starfaði þar á tímabili með alþjóðlegu samtökunum International Solidarity Movement sem er á svörtum lista hjá ísraelskum stjórnvöldum, en nokkuð er um að þekktum félagsmönnum sé ekki hleypt inn í landið.

Arna var handtekin hér fyrir rúmum mánuði eftir að hafa slett litaðri súrmjólk yfir gesti á álráðstefnu í Nordica. - grs

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ARNA ÖSP MAGNÚSARDÓTTIR Arna lenti aldrei í útistöðum við ísraelsk stjórnvöld þá þrjá mánuði sem hún dvaldist í Palestínu í fyrrasumar.

Tæplega 25.000 borgarar fallnir vegna átaka í Írak:

Konur og börn fimmtungur fórnarlamba

ÍRAK Tæplega 25.000 borgarar hafa látist af völdum átaka í Írak síðan ráðist var þar inn vorið 2003.

Samtökin Iraqi Body Count og Oxford Research Group hafa birt skýrslu um mannfall óbreyttra borgara í Írak síðan Bandaríkin og bandamenn þeirra réðust inn í landið í mars 2003. BBC hermir að friðarsinnar og fræðimenn hafi byggt skýrsluna á rúmlega 10.000 fréttum og blaðagreinum.

Í skýrslunni kemur fram að 24.865 manns hafi fallið í ofbeldisverkum á þessum tíma, eða um 34 á dag. Fimmtungur látinna er konur og börn og helmingur dauðsfallanna varð í höfuðborginni Bagdad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BORINN TIL GRAFAR 98 manns fórust í sprengingu í Musayyib á laugardaginn. Alls eru 24.865 manns sagðir hafa týnt lífi vegna ofbeldisverka í Írak síðan innrásin var gerð.

Uppreisnarmenn eru sagðir ábyrgir fyrir dauða níu prósenta þeirra sem hafa fallið, aðrir ofbeldismenn fyrir 36 prósentum og bandarískir hermenn fyrir 37 prósentum.

Skýrsluhöfundar gagnrýna bresk og bandarísk stjórnvöld fyrir að hafa ekki sjálf hirt um að afla gagna um fjölda látinna í innrás sem þau stóðu sjálf fyrir. Íraska ríkisstjórnin kvaðst fagna útkomu skýrslunnar en taldi fráleitt að uppreisnarmenn hefðu orðið færri að bana en hernámsliðið. „Hersveitirnar reyna að koma í veg fyrir mannfall óbreyttra, hryðjuverkamenn hafa beinlínis að markmiði að drepa sem flesta,“ sagði í yfirlýsingu stjórnarinnar. ■

Unglingur ákærður:

Banaði barni með flugeldi

DANMÖRK, AP Sautján ára danskur piltur hefur verið ákærður fyrir að verða barni að bana. Hann hefur viðurkennt að hafa skotið flugeldi lárétt um síðustu áramót. Flugeldurinn fór í brjóstið á tveggja ára barni sem lést samstundis. Pilturinn segist ekki hafa orðið var við að flugeldurinn hafi hitt nokkurn en er ákærður fyrir manndráp af gáleysi

Unglingurinn á yfir höfði sér vist á upptökuheimili fyrir unglinga eða sektargreiðslu verði hann fundinn sekur. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÓK NORÐURÁRDALINN Á 140 Níu ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur í Norðurárdal í Borgarfirði í fyrrakvöld í sameiginlegu umferðareftirliti lögreglu. Sá sem hraðast ók var á tæplega 140 kílómetra hraða þegar bifreiðin var stöðvuð. Að sögn lögreglunnar í Búðardal voru sjö teknir á vegarkafla þar sem hámarkshraði var lækkaður niður í fimmtíu vegna vegavinnu.

ÖLVAÐUR Í HRAÐAKSTRI ÁN RÉTTINDA Ölvaður ökumaður var tekinn fyrir of hraðan akstur á Hellisheiði skömmu eftir miðnætti í fyrrinótt. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að maðurinn hafði ekki ökuréttindi og hafði auk þess fengið bifreiðina lánaða á bílasölu til reynsluaksturs. Maðurinn var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi þar sem bíllyklarnir voru teknir af honum.

Traktorgröfur

Liðstýrð traktorsgrafa VF- 9.23
- Lyftigeta á framskóflu 3.500 kg í fulla hæð.
- Perkins 1104-44T. 86KW/117 hp.
- Vinnuþyngd 8.500 kg.

Fjórhjólastýrð traktorsgrafa VF 10.33B
- Lyftigeta á framskóflu 3.000 kg í fulla hæð.
- Perkins 1104-44T. 77KW / 105 hp.
- Vinnuþyngd 8.800 kg.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Í báðum vélum:
- Lyftigeta á gröfuarmi í fulla hæð á dipper enda 1.500 kg.
- Mótor staðsettur þversum í miðju vélar undir ökumannshúsi.
- Fullkomið jafnvægi vélar með mótor undir miðju húsi.
- „Vökva Servo“ fyrir gröfuarm og mokstursarm.
- „Boch Rexroth Hydrostatic transmission“ stiglaus skipting.
- „Speed reduction“ stillanlegur ökuhraði óháður snúningshraða mótors.
- „Inch pedal“ Skipting slær út við hemlun vélar.
- Vökvahraðtengi fyrir framskóflu.
- Brettagafflar á lyftaraplani.
- Tregðulæsing fyrir fram- og afturdrif.
- Loftsæti fyrir ökumann.
- Yfirstærð af rafgeymi og alternator.
- Opnanleg framskófla með skera.
- Gúmmíplattar undir stuðfótum.
- Öryggisventill fyrir gröfuarm.
- Lagnir fyrir brothamar og vökvabor.
- Skotbóma, mesta grafdýpt 5.800 mm.
- „Vökva Servo“ fyrir gröfuarm.
- „Vökva Servo“ fyrir mokstursgálga.
- 4 stk. grafskóflur. 45 cm – 60 cm – 90c m – 130 cm.

VENIERI – handsmíðaðar gæðavélar
Vélar og þjónusta hefja innflutning á frábærum vinnuvélum frá Venieri. Venieri er einn virtasti framleiðandi vinnuvéla í Evrópu, ítalskt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir um 900 vélar á ári. Vélarnar eru ekki settar saman í fjöldaframleiðslulínu heldur er hver og ein handsmíðuð af sérþjálfuðum starfsmönnum. Venieri-vélarnar hafa reynst framúrskarandi við íslenskar aðstæður og eru á mjög góðu verði.

Venieri s.p.a.

Eigum Venieri-vélar á lager - komdu og kynntu þér þær!

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími: 5-800-200

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

BLÁA BOMBAN

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru. Reiknast af við kassann.

Upprunalegt verð:	50% afsláttur af allri útsöluvöru:		20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni	
990 kr.	-50%	495 kr.	-20%	**396** kr.
1.990 kr.	-50%	995 kr.	-20%	**796** kr.
2.990 kr.	-50%	1.495 kr.	-20%	**1.196** kr.
4.990 kr.	-50%	2.495 kr.	-20%	**1.996** kr.
6.990 kr.	-50%	3.495 kr.	-20%	**2.796** kr.

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 29011 01/2005

BÁÐIR MEÐ FISK Félagarnir Elvar Árni Aðalsteinsson og Hlynur Kristjánsson frá Húsavík fengu um 30 fiska í Langavatni í Aðaldal á dögunum. Flestir fiskarnir voru smáir og slepptu félagarnir helmingnum en fóru heim með fallegustu bleikjurnar.

Tvær til fjórar þríburafæðingar flest ár undanfarinn áratug:

Þríburafæðingum fer aftur fækkandi

ÞRÍBURAFÆÐINGAR Frá því að tæknifrjóvganir hófust árið 1990 hefur fjöldi þríburafæðinga þrefaldast eða jafnvel fjórfaldast að sögn Reynis Tómasar Geirssonar sviðsstjóra lækninga á kvennasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss. „Það sem er hins vegar merkilegt við þríburafæðinguna á föstudaginn var er að þeir fæddust á náttúrulegan hátt en það hefur ekki gerst síðan 1977.“

Fjöldi þríburafæðinga náði hámarki árið 1994 en þá fæddust átján þríburabörn. Reynir segir að þrátt fyrir að það sé mikil hamingja fyrir foreldra að fæða mörg börn í einu fylgi slíkum fæðingum mikil áhætta þar sem fleirburar fæðist venjulega fyrr en einburar og því er mikil hætta á fyrirburasjúkdómum sem jafnvel geta valdið því að börnin fæðist andvana eða deyi fljótlega eftir fæðingu. „Því hefur verið reynt að draga úr fleirburafæðingum þegar gerðar eru tæknifrjóvganir og nú er fer slíkum fæðingum aftur fækkandi en þó erum við hér á landi enn eftirbátar Svía og Finna í þessum efnum en þar fæðast hlutfallslega færri tvíburar eftir tæknifrjóvgun en við náttúrulegan getnað,“ segir Reynir.

- jse



GENERAL ELECTRIC

ÍSKALT sumarverð

Getum nú loksins boðið GE kæliskápana á einstöku verði.
GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.

Kæliskápur á sérverði:
GCG21YSESFS m. klakavél, köldu vatni, stálhöldum og stálhurðum
Verðlistaverð kr. 275.000
Staðgreitt: kr. 220.000

GCG21SISFSS m. stálhöldum og stálhurðum
Verðlistaverð kr. 309.000
Staðgreitt: kr. 278.100

ZCG23SGMSS Monogram, heilklæddur í stáli
Verðlistaverð kr. 499.000
Staðgreitt: kr. 449.100

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur GE kæliskápa í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

General Electric

HEKLA ELECTRIC RAFTÆKJAVERSLUN

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

Íbúðalánasjóður í stjórnsýsluúttekt

Lán Íbúðalánasjóðs til sparisjóða og banka verða undir smásjá á fundi félagsmálanefndar Alþingis á morgun. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, ætlar að krefjast úttektar Ríkisendurskoðunar á sjóðnum.

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Félagsmálanefnd Alþingis hefur verið boðuð til fundar á morgun, en eina málið á dagskrá er 80 milljarða króna útlán Íbúðalánasjóðs til sparisjóða og banka. Fulltrúar frá Íbúðalánasjóði, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabankanum, viðskiptabönkunum og fleiri verða kallaðir fyrir nefndina.

„Margir telja að Íbúðalánasjóður hafi tekið á sig ábyrgðir með þessum lánum til banka og sparisjóða sem enginn lagagrundvöllur er fyrir. Ég mun krefja forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs um aðgang að samningum sem sjóðurinn hefur gert við sparisjóði og banka. Hér er verið að tala um gríðarlega fjármuni og af þeim sökum ætla ég að fara fram á stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Íbúðalánasjóði,“ segir Jóhanna.

Uppgreiðslur á lánum frá Íbúðalánasjóði nema nú vel á annað hundrað milljörðum króna. Þar af hefur sjóðurinn lánað bönkum og sparisjóðum 80 milljarða króna.

Jón Sigurðsson seðlabankastjóri segir að hægt hefði verið að veita Íbúðalánasjóði mikið öryggi og mun hærri vexti en fyrir liðlega ári – eða allt að 9,1 prósent – ef sjóðurinn hefði lagt milljarðana inn í Seðlabankann í stað þess að setja fjármagnið strax út á lánamarkaðinn. Það hefði auðveldað glímuna við verðbólguna.

Árni Páll Árnason lögmaður hefur unnið álitsgerð fyrir Íbúðalánasjóð um lögmæti lánanna til sparisjóða og banka. Hann segir að sjóðurinn geti ekki fórnað hagsmunum sínum fyrir efnahagsstefnu stjórnvalda. „Það verður að tryggja langtímaávöxtun á svo miklu fé og ekki hægt að láta það liggja á bók í Seðlabankanum. Staða Íbúðalánasjóðs er sterk þrátt fyrir erfiðleikana.“

Jóhanna Sigurðardóttir segist vilja vita hvaða áhættu Íbúðalánasjóður sé að taka. „Eitt atriði þessa máls er að bankar og sparisjóðir hafa rýmri reglur en Íbúðalánasjóður sem má að hámarki lána 16 milljónir króna. Við vitum að bankar og sparisjóðir lána allt að 25 milljónir króna. Ég vil vita hvort sjóðurinn ábyrgist eitthvað í þessum efnum. Ber hann einhverja ábyrgð ef lántakandi stendur ekki í skilum og sparisjóður hans verður fyrir skakkaföllum?“ spyr Jóhanna.

johannh@frettabladid.is

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Jóhanna situr í félagsmálanefnd og ætlar að fara fram á stjórnsýsluúttekt á Íbúðalánasjóði.

JÓN SIGURÐSSON SEÐLABANKASTJÓRI Seðlabankinn gat boðið Íbúðalánasjóði góða ávöxtun.

Umferð á hálendinu:

Eftirlit úr þyrlu

HÁLENDI Sjónum verður sérstaklega beint að akstri utan vega í auknu eftirliti lögreglu á hálendi. Lögreglan á Hvolsvelli í samvinnu við Landhelgisgæsluna fór í hálendiseftirlit á þyrlunni TF-SIF á mánudag en samvinnuverkefnið heldur áfram það sem eftir lifir sumars.

Lögregluliðin á Suðurlandi hafa einnig gert með sér samstarfssamning um reglulegar ferðir á hálendið í lögreglubifreiðum. Embættin skipta með sér fjölförnustu ferðamannastöðunum á hálendinu. **- ht**

RÆTT VIÐ FERÐAMENN Á HÁLENDINU Ferðamenn og skálaverðir voru teknir tali í ferð lögreglunnar á Hvolsvelli og Landhelgisgæslunnar á þyrlunni TF-SIF.

Hvalveiðar:

Sjö hrefnur hafa veiðst

HVALVEIÐAR Vestfirski hrefnuveiðibáturinn Halldór Sigurðsson hefur veitt meira en helming þeirra hrefna sem veiðst hafa í sumar eða fjórar en alls hafa sjö hrefnur veiðst.

Ástæðan kann að vera sú að sögn Davíðs T. Davíðssonar starfsmanns Hafrannsóknarstofnunar að bræla hefur gert sunnlensku bátunum erfitt fyrir við veiðarnar.

Davíð segir að engu síður gangi veiðar samkvæmt áætlun og fóru bátarnir þrír allir til veiða í gær enda veður gott á miðum.

-jse

400 milljónir

100+300

1. vinningur

ENNEMM / SIA / NM17306

Ofurspenna

Þolir þú álagið?

BÓNUS-VINNINGUR 7 MILLJÓNIR

Eins og venjulega er potturinn í Víkingalottóinu himinhár, auk þess sem ofurpotturinn eykur heldur betur á spennuna.

Skelltu þér á miða á næsta sölustað eða á **lotto.is** fyrir klukkan **16** í dag, eða fáðu þér miða í **áskrift**.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

„ORÐRÉTT“

„Bókin var mjög fín en þetta var samt ekki besta bókin.“

ÁGÚSTA GUNNARSDÓTTIR, HARRY POTTER-AÐDÁANDI, Í FRÉTTABLAÐINU.

„Þrátt fyrir mjög góða frammistöðu Snoop Dogg í þeim lögum sem hann tók er varla hægt að kalla þessa tónleika góða.“

HÖSKULDUR ÓLAFSSON Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær

tilveran

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Akureyri, hér komum við!

Við gengum úr súldinni í Mývatnssveit inn í þokuna handan heiðanna í gær.

Dvöldum við góða stund við Goðafoss og nutum þess að horfa á fljótið steypast fram af bjargbrúninni. Þrátt fyrir þokuna var sjónin tilkomumikil enda magnað að fylgjast með kröftum náttúrunnar í svo miklu návígi sem þar er.

Á ferð okkar í gær gengum við fram á kind sem lá í vegkantinum. Sáum við eftir athugun að eitthvað bjátaði á og kom í ljós að hún var fótbrotin. Létum við bóndann á næsta bita vita og var það mat hans að bíl hefði verið ekið á ána. Er ljótt til þess að vita að ökumenn slasi dýr en haldi för sinni áfram án þess að huga að meiðslum eða láta vita.

Á móti gladdi það okkur þegar langferðabifreið stöðvaði hjá okkur og út streymdu félagar í Félagi eldri borgara. Spurðust þeir fyrir um ganginn hjá okkur og styrktu okkur svo um álitlega fjárhæð.

Í dag komum við til Akureyrar og gera áætlanir ráð fyrir að við verðum þar um fjögur. Fólk úr félögum fatlaðra og langveikra barna á Norðurlandi ætlar að hitta okkur við Leirunesti og ganga með okkur eftir Drottningarbrautinni inn á Ráðhústorg. Bæjarstjórnin ætlar líka að taka á móti okkur og svo gistum við á sjálfu Hótel KEA.

Meira seinna, Bjarki og Guðbrandur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

VERÖNDIN Á OLIVER Fólk er fljótt út á góðviðrisdögum að láta sólina sleikja sig.

Sólin skín í höfuðborginni:

Mannlausar svalir sjaldséðar í borginni

Borgarbúar hafa getað skilið regnkápur og -hlífar eftir heima undanfarna daga því vart sést ský á himni. Telst það til tíðinda eftir það sem á undan er gengið.

Á sólríkum dögum flykkist fólk út undir bert loft og eru mannlausar svalir sjaldséðar. Ekki þykir verra að geta tyllt sér niður á kaffihúsi og fengið sér hressingu, hvort heldur sem er heita eða kalda.

Auður Vilhjálmsdóttir, gengilbeina á Kaffi Oliver, hefur vart undan við að bera veigar út á verönd, en þar hópast gestir um leið og sést til sólar. „Veröndin er hitapottur og fólk er fljótt að drífa sig út og láta sólina sleikja sig,“ segir Auður. Flestir halda í hefðina og panta sér kaffi en sumir fá sér öl eða hvítvín þó að ekki sé langt liðið á daginn. „Þeim fjölgar svo sem taka bjórinn og vínið eftir því sem nær dregur helginni,“ segir Auður, hress og kát í amstri dagsins.

Sjálf er hún vitaskuld ánægð þegar sólin skín og veitt er út á verönd því þá kemst hún sjálf út í góða veðrið.

- bs

Íslendingar ganga við stafi:

Göngustafa-æði

Göngustafir seljast svo vel, að sögn kaupmanna í útivistarverslunum, að líkja má við æði. Má heita að göngustafir séu orðnir almenningseign en stutt er síðan aðeins hörðust fjallageitur áttu slíkan búnað í fórum sínum.

„Þetta er mjög vinsælt og flýgur út,“ segir Bjarki Már Jóhannesson í Útilífi og starfsbróðir hans í Intersport Atli Þorvaldsson tekur í sama streng.

Ungir sem aldnir hafa fest sér göngustafi á undanförnum mánuðum og misserum og munda þá sem mest þeir geta á fjöllum sem jafnsléttu.

Tvær gerðir göngustafa eru í boði annars vegar kraftgöngustafir eða stafgöngustafir og hins vegar fjallgöngustafir. Kosta stafirnir frá rúmum tvö þúsund krónum og upp í um sex þúsund.

-bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/HELGA

GÖNGUSTAFIR Sprening hefur orðið í sölu göngustafa.

Vaxtalaust verðhrun

Dupen rúmin fást eingöngu í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

COLCHON DUPEN

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá á mánuði	stgr.
90 x 200	2.999kr	35.988.-
120 x 200	3.999kr	47.988.-
150 x 200	4.999kr	59.988.-
180 x 200	5.999kr	71.988.-
Stillanleg rúm	5.999kr	71.988.-

Sængurverasett
100% bómullarsatín
hvítt, drapp, vínrautt, d.blátt
2.699kr

Rúm í úrvali

Vaxtalaust tilboð
9.990kr*
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 99.900,-

Royal rafmagnsrúm
Stærð 90 x 200sm.
20sm latex dýna

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá á mánuði	stgr.
90 x 200	2.999kr	20.993.-
120 x 200	2.999kr	26.991.-
150 x 200	2.999kr	32.989.-

Dynamic rúm
Fæst í þremur stærðum.
Einfalt og þægilegt.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



SAAB lítur ekki út eins og aðrir bílar á götunni. Einföld, nútímaleg hönnun skapar látlausa fágun og gefur bílnum sitt eigið útlit og sitt eigið sérstaka yfirbragð. SAAB er þróaður í Skandinavíu þar sem mikið var lagt í að tryggja öruggan akstur að vetrarlagi. Billinn hentar því sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður. Hann er þar að auki margverðlaunaður fyrir framúrskarandi árangur í árekstursprófunum í Evrópu og Bandaríkjunum. SAAB hefur alltaf farið sínar eigin leiðir og gerir enn.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a	**Sæmundargötu 3**	**Eyralandi 1**	**Holtsgötu 52**	**Óseyri 5**	**Sindragötu 3**	**Dalbraut 2b**	**Víkurbraut 4**	**Búðareyri 33**
800 Selfoss	550 Sauðárkróki	530 Hvammstanga	260 Njarðvík	603 Akureyri	400 Ísafirði	300 Akranesi	780 Höfn í Hornafirði	730 Reyðarfirði
482-3100	453-5141	451-2230	421-8808	461-2960	456-4540	431-1376	478-1990	474-1453

skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Hvernig á að berjast gegn vímuefnum sem hægt er að nálgast í næstu ritfangavöruverslun?

Sniff, eiturlyf og ábyrgð foreldra

Fréttastofa Ríkissjónvarpsins flutti í gærkvöld þau nöturlegu tíðindi að íslenskir unglingar eru líklegri en jafnaldrar sínir víða um Evrópu til að hafa prófað að sniffa. Samkvæmt nýjustu samanburðartölum við önnur lönd hafa tólf prósent 15 til 16 ára íslenskra krakka sniffað og er ástandið hvergi verra á Norðurlöndunum en hér, að Grænlandi undanskildu.

Í fréttinni kom einnig fram að sniff eykst þegar slaknar á umræðunni um hversu hættulegt það er, en eins sorglega og það hljómar virðist þurfa fréttir um að einhver unglingurinn hafi skaðað sig á sniffi til þess að aðrir taki sönsum.

Hvað er til ráða? Efnin sem unglingarnir sniffa af eru allt í kringum okkur, lím, gas, kveikjarabensín og jafnvel tússpennar sem hægt er að nálgast í næstu ritfangaverslun. Ekki er hægt að banna sölu þessara efna eða hefta aðgang unglinga að þeim. Það eina sem hægt er að gera er að tala við krakkana og útskýra fyrir þeim hversu glórulaust rugl sniffið er og vona að þau taki mark á fræðslunni.

Það er athyglisvert að bera saman sniff og neyslu ólöglegra fíkniefna. Hvatinn að baki neyslunni er í báðum tilfellum eftirsókn í vímu og eflaust að einhverju leyti bannhelgin sem hvílir yfir þeim; á ákveðnu æviskeiði getur þörfin fyrir að gera uppreisn gegn löglegum gildum rekið fólk til að gera ótrúlegustu dellu. En samanburðurinn nær ekki lengra. Sá sem selur unglingi í sakleysi sínu tússpenna, sem unglingurinn notar síðan til þess að sniffa af og stórskaða sig, er ekki kallaður „sölumaður dauðans“. Samfélagið varpar ábyrgðinni ekki á ritfangavörukaupmanninn, heldur með réttu á fíflsku unglingsins og foreldrana fyrir að hafa ekki sinnt uppeldishlutverki sínu.

Auðvitað er reginmunur á því að selja einhverjum dóp og því að selja kveikjarabensín eða límtúpu sem síðan eru notuð til að komast í vímu. Engu að síður er það þörf hugvekja fyrir íslenska foreldra og ekki síður stjórnmálamenn, sem slá um sig með frösum um aukna fjárveitingu til fíkniefnalöggæslu, að vandinn verður seint leystur með valdboðum.

Á meðan eftirspurnin er mikil eftir dópi verður framboðið af dópi nóg. Sama hversu mörg kíló tollgæslan gerir upptæk og margir eiturlyfjasalar verða settir bak við lás og slá, ekkert mun breytast nema það takist að ná fram hugarfarsbreytingu gagnvart eðli fíkniefnaneyslunnar. Áherslan á sölumenn og innflytjendur eiturlyfja er alltof veigamikil. Baráttan verður að hefjast inni á heimilunum. Skólinn og aðrar opinberar stofnanir hafa svo sannarlega mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að forvörnunum en umfram allt þarf fólk að horfa inn á við og velta fyrir sér hvernig það getur forðað börnum sínum frá því að misnota fíkniefni, hvort sem það er tóbak, brennivín eða eitthvað annað. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Jón og Guðrún

Sú var tíð í þessu landi að ekkert var flókið við nafngiftir. Foreldrar barna völdu þeim nöfn og presturinn sá um blessunina og bókfærsluna. Fólk var vanafast og allur þorri foreldra kaus hefðbundin nöfn eins og Jón og Guðrún; í fyrsta manntali sem tekið var 1703 hét fjórði hver maður Jón og fimmta hver kona Guðrún. Svo voru auðvitað auðvitað litríkari nöfn eftir tísku og tíðaranda hverju sinni. Þegar Napóleon keisari var til dæmis dáður og dýrkaður um alla Evrópu kom fyrir að börn við ysta haf væru látin heita í höfuðið á honum. Þótti sjálfsagt enda litið svo á að nafngift væri einkamál hverrar fjölskyldu og hvers einstaklings. Ekki hvarflaði að fólki á þeim tíma að slíkt höfðingjanafn gæti skaðað „málkerfi tungunnar“, enda hefðu menn þurft að láta segja sér tvisvar að slíkt fyrirbæri væri til.

Enginn Napóleon

Nú eru aðrir tímar. Mannanafnanefnd ríkisins vakir yfir nafngiftum í landinu. Gefur út lista yfir nöfn sem heimilt er að bera. Úrskurðar um nýmæli og vafaatriði. Bannar og fordæmir. Ekki er Napóleon á nafnaskrá ríkisins. Og ekki nútímahöfðingjar eins og Bush og Blair.

Meginreglan fyrir samþykki nafna er að þau samræmist beygingarkerfi íslenskrar málfræði. Ef ekki, verða þau að minnsta kosti að eiga sér óslitna hefð í málinu. Hið síðarnefnda er skýringin á því að á hinni opinberu nafnaskrá eru ýmis útlend mannanöfn eða óbeygjanleg.

Óvinsæl lög

Úrskurðir Mannanafnanefndar eru gjarnan tilefni frétta í fjölmiðlum. Ástæðan er líklega sú að mörgum finnst að ósamræmis – jafnvel ósanngirni – gæti stundum í úrskurðum nefndarinnar. Hitt vegur ekki síður þungt að meðal landsmanna virðist engin sátt um reglur mannanafnalaganna. Á vefnum politik.is var rifjað upp í vikunni að þegar Gallup spurði að því fyrir tíu árum hvort eðlilegt væri að ríkið hefði afskipti af nafngiftum fólks hefðu innan við 20% svarenda verið sammála lögunum. Af umtali um mannanöfn í þjóðfélaginu má ætla að viðhorfin hafi lítið breyst á þessum tíma.

gm@frettabladid.is

Tvær þjóðsögur

Í DAG
ÞJÓÐSAGNAGLEÐI

GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

Maðurinn hefur alltaf haft gríðarlega þörf fyrir að segja og heyra sögur sem standa á veikum fótum og byggja á fáum eða engum staðreyndum. Stundum eru þær sagðar til gamans og þá er öllum skemmt. Stundum eru þær notaðar til að varpa ljósi á eitthvað óþekkt og dularfullt. Stundum er ótti útskýrður með ýmsum sögum sem eiga mismikið við rök að styðjast. Eitt er samt víst að sagnagleðin er til staðar og á bak við hana eru margar mismunandi ástæður.

Ein sagnanna sem gengur milli manna í íslensku samfélagi í dag er sú að á Íslandi séu sífellt færri að eignast sífellt stærra hlutfall eigna á Íslandi. Bent er á Baugsfeðga, Björgólfsfeðga, Jón Ólafsson, Bakkabræður, eigendur Samherja og bankastjóra KB banka og þeir sagðir hafa efnast svo mikið á síðustu árum að furðu sætir.

Því ber ekki að neita að þessir einstaklingar eru efnaðir á íslenskan mælikvarða og að auður þeirra hefur vaxið mjög á síðustu árum. Hins vegar hafa þeir hafa ekki sankað að sér neinu sem aðrir áttu tilkall til og því fer líklega fjarri að samanlagðar eignir þeirra séu að vaxa í hlutfalli við eignir allra annarra á Íslandi. Staðreyndin er sú að á Íslandi hefur aldrei verið til meiri auður en í dag og þótt nokkrir menn séu nafngreindir breytir það engu um þá staðreynd að aldrei áður í sögunni hafa fleiri Íslendingar átt jafnmiklar eignir.

Sú þjóðsaga að á Íslandi séu örfáir menn að sanka að sér sífellt stærra hlutfalli eigna á Íslandi er röng. Kakan er einfaldlega að stækka og um leið allar sneiðar hennar, þar með taldar þær stóru.

Önnur vinsæl sögusögn á Íslandi á rætur sínar að rekja til upphafs kvótakerfisins á Íslandi. Sagt er að þeir sem sóttu sjóinn þegar kvótakerfinu var komið á hafi fengið eitthvað gefins, jafnvel verðmæti. Verðmætin voru þó

Sú þjóðsaga að á Íslandi séu örfáir menn að sanka að sér sífellt stærra hlutfalli eigna á Íslandi er röng. Kakan er einfaldlega að stækka og um leið allar sneiðar hennar, þar með taldar þær stóru.

engin á meðan þeir sóttu ekki sjóinn. Óplægður akur gefur lítið af sér og hið sama gildir um óveiddan fisk. Fólk gerir sér alla jafna grein fyrir því að með því að breyta timbri og steypu í hús hafi verðlitlum hráefnum verið breytt í verðmæti og eign með notkun vinnu og erfiðis. Hví höfðu þáverandi sjómenn ekki sama tilkall til óveidds fisksins og við höfum til launa okkar eftir langan vinnudag? Auðvitað voru sumir sem fengu meira en aðrir og aðrir sem fengu minna en sumir en heildarmyndin ætti að standa fyrir það.

Sama saga er sögð af þeim sem keyptu íslensku ríkisbankana, sama hverjir þeir svo sem voru. Var ríkið ekki að gefa þeim bankana úr því þeir hafa hækkað svona mikið í verði síðan þeir voru seldir? Svarið er nei. Bankarnir urðu fyrst verðmætir þegar ríkið hafði sleppt þeim úr klóm sínum og eigendur þeirra hafa eðlilega notið þess. Þegar ríkið á eitthvað er það einfaldlega verðminna en þegar ríkið á það ekki.

Við lifum í samfélagi sem byggist á einstaklingsframtakinu, dugnaði og viljanum til að vinna. Sumir geta samt ekki notið árangurs annarra og telja að eins manns gróði hljóti að vera annars manns tap. Ef einn auðgast hlýtur annar að verða fátækur. Þegar einn skapar verðmæti úr verðleysu hlýtur annar að hafa misst spón úr aski sínum. Gott er þá að vita til þess að ekkert slíkt á við rök að styðjast. Þeir fáu og ríku draga bátinn fyrir okkur öll og þegar þeir berjast áfram í lífinu við að skapa verðmæti og eignir handa sjálfum sér eru þeir að stækka kökuna sem við hin höfum til umráða. Engin saga eða goðsögn breytir þeirri staðreynd.

LANDSBANKINN „Bankarnir urðu fyrst verðmætir þegar ríkið hafði sleppt þeim úr klóm sínum og eigendur þeirra hafa eðlilega notið þess,“ segir greinarhöfundur.

ORLOFSUPPBÓT

Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Þeir sem fá greidd laun skv. kjarasamningi VR og SA eiga rétt á **orlofsuppbót** að upphæð **16.500 kr.** miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu. Orlofsuppbótina á að greiða við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 15. ágúst.

Fíton/SÍA

Starf okkar **eflir** þitt starf VR

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	3.56	13.34	23.10
AKUREYRI	3.16	13.19	23.19

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 20. júlí, 201. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég bað guð að kenna mér stafrófið og það gerði hann, en hann var rosalega lengi að því.

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 5

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

brúðkaup

Hringarnir með stóru h-i

BLS. 4

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þorsteinn á sjókajak við Geldinganes.

Dregur konuna á flot

Þorsteinn Guðmundsson er búinn að vera með kajakbakteríuna í yfir aldarfjórðung.

Þegar Fréttablaðið náði á Þorstein var hann nýkominn úr einni kajakferð og á leiðinni í aðra. „Það er alltaf jafn gaman að komast í vatn," segir hann þótt ferðin hafi að hans sögn ekki verið neitt sérstaklega merkileg. „Ég fór bara í Hvítána í hálfgerða fjölskylduferð og með tvo nýliða með mér."

Í gær voru 25 ár síðan Þorsteinn og félagar héldu sitt fyrsta námskeið í kajakferðum sem var svo aðdragandi að stofnun kajakklúbbsins sem hann veitir nú forstöðu fyrir. 27 ár eru síðan hann fór í sína fyrstu ferð.

„Það byrjaði á því að ég keypti mér kafarabúning og fór að kafa. Svo fannst mér alveg upplagt að kaupa kajak sem ég sá í búð í bænum því ég gæti notað kafaragallann til að vera á kajaknum." Til að gera langa sögu stutta hefur Þorsteinn verið á kajak síðan en kafaragallinn er búinn að vera í bílskúrnum í aldarfjórðung.

Þennan fyrsta kajak á Þorsteinn ekki lengur, „því miður, en alla hina á ég sem ég hef eignast síðan," segir hann. Blaðamaður þorir að spyrja hvað þeir eru margir. „Bíddu nú við," segir hann hugsar sig aðeins um en telur síðan saman að hann eigi sjö báta, fimm straumvatnskajaka og tvo spánýja sjóbáta sem hann keypti í vetur „til að draga konuna á flot".

Þorsteinn fer aðallega í dagsferðir með straumvatnskajakana en stundum í lengri ferðir um landið. „Svo erum við með helgarferðir og lengri ferðir í sjókajaknum. Ég er til dæmis að fara í helgarferð á Breiðafjörðinn í ágúst." Hann fer sjálfur ekki oft til útlanda í kajakferðir en hefur þó heimsótt Noreg og Skotland. Elsti sonur hans er aftur á móti duglegri við lengri ferðirnar og ætlar til Tíbets í haust.

Að lokum kemur hin klassíska spurning um hvort kajakróður sé ekki hættulegur. Þorsteinn hefur svör á reiðum höndum enda oft verið spurður þessarar sömu spurningar. „Allt er hættulegt. Það er hættulegt að keyra. En ef maður gerir þetta rétt þá er þetta ekkert mál."

annat@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU
í ferðum

Ferðafélagið Útivist ætlar að ganga Laugaveginn dagana 20. til 24. júlí en Laugavegurinn er gönguleiðin milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Í ferðinni gefst ferðafólki kostur á að kynnast ótrúlega fjölbreyttu og fögru landslagi. Má þar nefna heitar laugar, hveri og jökla. Gist er í tjöldum og skálum. Lagt af stað frá BSÍ kl. 8.30, fararstjóri er Þorbjörg Kolbeinsdóttir.

Franskir dagar verða haldnir á Fáskrúðsfirði um helgina. Um árlegan viðburð er að ræða þar sem heimamenn og gestir halda á lofti minningunni um veru Frakka á Fáskrúðsfirði. Að venju verður mikið um dýrðir og gestir bæjarins ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Skemmtidagskráin er fjölbreytt og má þar nefna listasýningar, kenderísgöngu, singstar-keppni, kassabílarallý og dorgveiðikeppni.

Icelandair býður börnum 40 prósenta afslátt af netsmellum. Tilboðið gildir á eftirfarandi áfangastaði: London, Glasgow, Osló, Kaupmannahöfn, Stokkhólm, Helsinki, Frankfurt, Berlín, Munchen, Amsterdam, París, Barcelona, Madríd og Mílanó. Tilboðið gildir til 15. ágúst, síðasta brottför er 31. ágúst.

Söguganga um Innbæinn og Fjöruna á Akureyri verður farin laugardaginn 24. júlí. Lagt verður af stað kl. 14 frá Laxdalshúsi við Hafnarstræti 11 sem er elsta húsið á Akureyri. Innbærinn og Fjaran er elsti bæjarhlutinn á Akureyri en verslun hófst þar um 1600. Leiðsögumaður er Jón Hjaltason.

ferdir@frettabladid.is

JÚLÍ

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

SUBWAY 7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 499

SUBWAY

Gildir í júlí 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

Flugþreyta
Margir eiga erfitt með að snúa sólarhringnum við eftir langt ferðalag milli tímabelta. Haltu þér vakandi, daginn sem þú lendir og farðu að sofa á sama tíma og innfæddir, þannig geturðu aðlagast tímanum fljótt.

Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku. Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Menningarlíf á bökkum Grímsár

Steinar Berg útgefandi fléttar saman menningartengdri ferðaþjónustu og tónlistarútgáfu á nýjum áningarstað, Tímanum og vatninu, í Borgarfirði.

Steinar Berg hefur opnað menningartengdan veitingastað í Borgarfirði sem heitir Tíminn og vatnið.

„Þetta er rétt að skríða úr egginu," segir Steinar. „Við opnuðum í júní og erum nú óðum að komast í fullan gang. Meiningin er að búa til nýtt ferðaþjónustusvæði hér við ána og byrjunin var að opna veitingastaðinn, sem hefur hlotið nafnið Tíminn og vatnið. Þá bjóðum við líka upp á aðstöðu fyrir tjöld og húsvagna en í framtíðinni stendur til að bæta við gistimöguleikum ásamt ýmsu fleiru. Draumurinn er að gera þetta svæði að eftirsóknarverðri stoppistöð fyrir ferðalanga og slagorðið er „Góð aðstaða fyrir gott fólk."

Steinar segir með tilkomu Borgarfjarðarbrúarinnar hafi þetta svæði orðið útundan. „Þetta varð úr leið og fólk heimsótti ekki lengur innsveitir Borgarfjarðar. Fyrir þremur árum var hins vegar lokið við að tengja Borgarfjarðarbrautina Þjóðvegi 1, malbika og gera allar brýr á veginum tvíbreiðar. Ég býst alveg eins við að einhver tími líði áður en fólk áttar sig á hvað þetta er skemmtileg tilbreyting við hringveginn, bæði er þetta falleg leið og tekur ekki mikið lengri tíma. Ég vona að með aðstöðunni hérna hafi sveitin breyst úr því að vera eingöngu landbúnaðarhérað í skemmtilegan valkost fyrir ferðamenn."

Steinar hafði lengi gengið með það í maganum að breyta til. „Ég er að nýta áralanga starfsreynslu sem hefur falist í að skapa og vinna með fólki. Héðan rek ég áfram útgáfufyrirtækið Steinsnar, en hugmyndafræðin á bak við þetta er að bjóða upp á góða þjónustu ásamt virku tónlistar- og menningarlífi. Húsið er rúmgott og við erum með fína sali ásamt inni- og útisviði. Þá eru í húsinu góð hljómflutningstæki og skjávarpi.

Við ætlum að halda úti fjölbreyttri dagskrá í sumar og um verslunarmannahelgina stendur til að halda tónlistarhátíðina Heimsborg. Það er allt í bígerð og ýmislegt sem mun koma á óvart," segir Steinar.

Tíminn og vatnið býður upp á mat fyrir einstaklinga og hópa, en matseðillinn tekur að sjálfsögðu mið af umhverfinu. „Uppistaðan er lamb og lax og svo leggjum við mikið upp úr grænmetinu sem við kaupum af garðyrkjubændum í sveitinni. Kokkurinn okkar, sem er danskur, er snillingur í að nýta sér þetta hráefni svo úr verða himneskar máltíðir."

edda@frettabladid.is

Náttúrufegurðin er mikil í Fossatúni, þar sem nú er þjónusta fyrir ferðamenn.

Veitingastaðurinn Tíminn og vatnið.

Tíminn og vatnið á bökkum Grímsár.

AQUIS handklæði í ferðalagið
Í bakpokann, ferðatöskuna, sundið, líkamsræktina ofl.
Taka lítið pláss, létt, þurrka vel, þorna fljótt, alltaf mjúk.
Dreifing: Daggir s: 462-6640
www.daggir.is

Opel Corsa eða sambærilegur
Vika á Ítalíu
14.300*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
Hertz
www.hertz.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN SÍA.IS HER 2009 06/2005

Mun gnæfa yfir tjaldstæðið

ÞRÍR HRAUNBÚAR TÓKU SIG SAMAN OG SMÍÐUÐU HIMINHÁAN VITA FYRIR LANDSMÓT SKÁTA.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jakob Guðnason, Kristinn Bernhard og Ólafur Sigurgeirsson standa við vitann góða sem er tákn Hafnarfjarðar.

Skátar landsins halda nú landsmót þar sem mikið verður um dýrðir að vanda. Af því tilefni tóku þrír skátar í Hraunbúum í Hafnarfirði sig saman og smíðuðu fimm metra háan vita. Því liggur við að byrja á því að spyrja af hverju. „Vitinn er tákn Hafnarfjarðar, og upphaflega hugmyndin okkar var að hafa tvo litla vita sitthvoru megin við hliðið okkar á landsmótinu," segja þeir Jakob Guðnason, Kristinn Bernhard og Ólafur Sigurgeirsson. „En það endaði með því að við smíðuðum einn risastóran sem mun gnæfa yfir allt tjaldsvæðið, þetta verður leynivopn Hraunbúa," segja þeir með stolti.

Þegar blaðamaður hitti á þá félaga voru þeir að leggja lokahönd á smíðina og áttu enn eftir að setja toppinn á vitann. „Við verðum með ljós efst í vitanum, þetta verður rosalega flott," segja þeir. Og aðspurðir um hvort það sé flott að vera skáti segja þeir já allir í kór. „Það er töff að vera skáti," segja þeir og vilja meina að vinsældir skátana séu að aukast. Að lokum vilja þeir benda á að hægt sé að fylgjast með starfi þeirra á vefsíðunni www.hraunbuar.is, og taka svo til við að ljúka við verkið.

Nýr gistiskáli við Drekagil

Á DÖGUNUM VAR VÍGÐUR NÝR SKÁLI FERÐAFÉLAGS AKUREYRAR.

Drekagil er á krossgötum í Ódáðahrauni og þaðan er stutt að fara upp í Öskju í Dyngjufjöllum. Um árabil hefur Ferðafélag Akureyrar átt skálann Dreka við Drekagil en síðasta sumar var hafist handa við byggingu nýs skála á svæðinu. Hann er nú tilbúinn. Nýja húsið er timburhús á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni eru tvö fimm manna svefnherbergi og rúmgóð borstofa með eldhúskrók. Á efri hæðinni er svefnpláss í tveimur rýmum fyrir 30 manns. Í eldhúsi er rennandi vatn í krönum og húsið er lýst upp með rafnmagni frá sólsellum. Þá er einnig olíukabyssa með miðstöðvarkerfi í borðstofunni.

Heiðdís Gunnarsdóttir hjá Ferðafélagi Akureyrar segir að skálinn hafi verið byggður til að anna eftirspurn eftir gistirými á hálendinu. „Það er mikil umferð þarna á sumrin og Dreki var orðinn of lítill. Þess vegna var ráðist í að byggja nýjan skála. Gamli Dreki stendur þó enn fyrir sínu og þar er gistipláss fyrir um 20 manns."

VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT
16 HÓTEL ALLAN HRINGINN
Verð frá aðeins
3.400 kr.
nóttin á mann
Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is
Sími 444 4000

VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein

VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

MOK!

Eitt helsta töfraorð í íslenskri veiðimenningu er orðið MOK. Það á nú við í að minnsta kosti tveimur laxveiðiám á Íslandi þessa dagana: Norðurá og Þverá/Kjarrá þar sem nú þegar er ljóst að sumarið 2005 verður metár. Norðurá er komin vel yfir 2000 laxa þegar öll svæði eru talin og ekkert lát á. Hún og Þverá/Kjarrá skera sig mjög úr með þessa ótrúlegu magnveiði, en svo má þess geta að Leirvogsá (45 laxar á einum degi á tvær stangir!) og Elliðaárnar gefa mjög vel, en batamerkin á Elliðaánum eru sérlega jákvæð. Stóra Laxá og fleiri fara hægar af stað, Langá fer tæpast í mokveiðiflokk þessu sumri, ekki frekar en Kjósin og er merkilegur þessi mikli munur á ám á sama landssvæði.

Einar Sigurðsson tók 5 punda urriða á Nobbler í Laxá í Mývatnssveit.

Sjóbleikjan er farin að gefa sig fyrir norðan og austan. Menn hafa glímt við „kusur“ eins og þær kallast risableikjunar – svo sem í Eyjafjarðará sem er komin á fulla ferð. Tveir félagar settu í um það bil 20 fiska og náðu 13 á einum degi. Þar af var einn sex punda og þeir misstu eina algjöra „kusu“. Sú tók á lítt áberandi veiðistað og urðu þeir að hlaupa á eftir henni langt niður með á. Þeir sáu fiskinn greinilega og sögðu að hann hefði ekki verið undir 5 kg eða 10 pundum. Pheasant Tail var sem áður flugan sem virkaði og fer að verða þrálátur gestur á þessum síðum! Lónsá í Þistilfirði gaf fína fiska í vikunni og Hofsá er komin inn fyrir austan með bleikju á báðum svæðum.

Heldur er daprara af silungsvötnum hér syðra. Mönnum þykir Hlíðarvatn hafa misst flugið, og heldur vera smátt á Þingvöllum. Á urriðasvæðinu í Laxá er „millibilsástand“ eins og náttúrulögmálin gera ráð fyrir, þegar fyrsta mýflugnagangan er búin hefur fiskurinn ekkert að éta og hefur hægt um sig þar til lirfan hefur þroskast nægilega til að komast á veisluborðið á ný. Á meðan eru það helst stórar straumflugur sem gefa, menn hafa náð að æsa urriðann upp með því að sökkva Rektor, Black Ghost og Nobbler vel með sökklínum og draga hratt inn. Þessi aðferð er reyndar alveg sígild í urriðaveiðum hvar sem er í heiminum! Aldrei þessu vant voru það ekki litlu púpurnar sem gáfu þegar við félagar voru þar fyrir nokkrum dögum, þýddi ekki að bjóða þær. Það helgast af því að ekkert svipað æti er í ánni þessa dagana og því er athygli urriðans hreint ekki við sambærilegar flugur.

Heilræði vikunnar kemur beint af bakka Hlíðarvatns þar sem náungi var að veiðum í vikunni og setti í stóra bleikju. Hann var langt úti í vatni og háflaus, svo hann varð að þreyta hana vandlega og feta sig varlega til lands. Allt gekk vel, þar til hann fór á taugum og ætlaði að vippa fiskinum á land með því að kippa í tauminn með handafli! Eins og vænta mátti slitnaði úr fiskinum og hann synti frelsinu feginn burt. Við silungsveiðar er gott að hafa lítinn háf hangandi á sér og þreyta fiskinn þar til maður getur smeygt honum varlega undir fiskinn og lyft upp. Best hefur mér reynst að landa stórum fiskum, laxi og urriða, með því að „stranda“ þeim. Þreyta fiskinn upp að lágum malarbakka eða sandrifi og láta hann sjálfan um að leggjast þar á hliðina með því að halda línu vel strekktri án þess að toga mikið á móti.

Fleiri veiðifréttir daglega og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufréttir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.

Lónkot heldur upp á þrefalt afmæli í ár.

Bæði list og lyst

Lónkot í Skagafirði heldur upp á þrefalt afmæli á þessu ári. Þar er ferðaþjónusta og frábær veitingastaður.

„Við eldum úr því sem er nýjast og ferskast og upp úr matarkistu Skagafjarðar. Það er fuglinn úr Málmey og Drangey, svartfugl og oft lundi, og svo auðvitað sjávarfangið að ógleymdu fjallalambinu. Þar að auki eru ýmis landsins gæði eftir árstíðum eins og til dæmis bláberin þegar fer að halla að hausti,“ segir Ólafur Jónsson, sem rekur ferðaþjónustu og veitingahús í Lónkoti í Skagafirði.

Kúltúr og krásir eru einkennisorð Lónkots þar sem leitast er við að bjóða upp á veitingar í hæsta gæðaflokki innan um menningu svæðisins. Veitingahúsið heitir Sölvabar eftir Sölva Helgasyni myndlistarmanni sem er fæddur í sveitinni en myndir eftir hann hanga í veitingahúsinu. Maturinn er síðan bæði fyrir augað og bragðlaukana þar sem hver diskur er vandlega skreyttur. „Við segjum að þetta sé matargerðarlist sem stendur undir nafni,“ segir Ólafur. Bæði list og lyst.

Um þessar mundir heldur Lónkot upp á þrefalt afmæli. Tuttugu ár er síðan fjölskylda Ólafs keypti jörðina að Lónkoti, fimmtán ár síðan ferðaþjónustan þar var stofnuð og tíu ár síðan veitingaþjónustan var opnuð en það ár var einnig afhjúpaður minnisvarði um Sölva Helgason. ■

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda

Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl. Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur.

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

ie Icelandexcursions Allrahanda GRAY LINE

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

Hjátrú
Ýmis hjátrú tengist brúðkaupum. Á Viktoríutímanum þótti til að mynda mikil gæfa að giftast í afmælisviku brúðgumans. Best var ef brúðkaupið fór fram á afmælisdaginn sjálfan.

Við gómsæta brúðartertuna sem er súkkulaðiterta þó að útlitið bendi til annars. Fanney Sjöfn og Þorvaldur Borgar með dótturina Andreu Rún fimm ára sem fann sig vel í brúðarmeyjarhlutverkinu.

Fóru síðust úr veislunni

Þorvaldur Borgar Hauksson, bakari hjá Jóa Fel, gekk í hnappheldunna nýlega og kvæntist sambýliskonu sinni til margra ára, Fanneyju Sjöfn Sveinbjörnsdóttur. Hann bjó til brúðkaupstertuna sjálfur með smá aðstoð frá meistaranum.

„Þetta var ekta frönsk súkkulaðikaka, silkimjúk og fín. Stór konfektmoli.“ Þannig lýsir Þorvaldur Borgar brúðkaupstertunni sem hann og Jói Fel bjuggu til í sameiningu og segir engan sérstakan leyndardóm hafa falist í þeirri köku nema ef vera kynni einfaldleikinn. „Skreytingin var að minnsta kosti ein sú einfaldasta sem ég hef búið til. Aðallega rósablöð og grænt brúðarslör,“ segir hann brosandi.

Fanney er frá Norðfirði og Þorvaldur Borgar frá Hornafirði. Í heimabæ sínum gengur hann enn undir nafninu Valdi Hauks og þar er hann þekktur bæði sem bakari og stuðbolti. Giftingin fór fram í Garðakirkju og veislan var haldin í Garðaholti í Garðabæ. Þar mættu um hundrað manns. Tveir kokkar að austan lögðu meðal annars saman krafta sína þegar kom að matargerðinni, Stefán Stefánsson og Stefán Þór Arnarson. Hvað skyldu þeir svo hafa eldað? „Það var humarsúpa í forrétt og lambafille í aðalrétt,“ segir Valdi og framkallar örugglega vatn í munn margra sem lesa. Á eftir var ball með fullskipaðri hljómsveit vina og ættingja og dansað fram á fjögur. „Rokna fjör og við Fanney fórum síðust heim,“ segir Valdi. Þegar hann er minntur á að venjan sé að brúðhjón stingi snemma af úr veislunni svarar hann hlæjandi. „Ég hef nú aldrei verið eins og fólk er flest!“ ■

Hringarnir með stóra H-inu

Hefðbundnir giftingarhringar kostuðu þriggja mánaða laun um 1960 og vetrarlaun verkamanns um aldamótin 1900. Nú eru þeir til í gríðarlegu úrvali, bæði hefðbundnir og óhefðbundnir, og eru miklu ódýrari.

Sigruður G. Steinþórsson gullsmiður smíðar giftingarhringa eftir pöntunum fyrir fólk.

Sjö af hverjum tíu hringum eru þessir kúptu klassísku,“ segir Sigurður G. Steinþórsson, gullsmiður og eigandi Gulls og silfurs. Það virðast vera hringarnir með stóra H-inu. En hvítagullið er að koma sterkt inn og fólk kaupir klassísku hringana í hvítagulli og þá jafnvel með demanti fyrir brúðina.“

Sigurður segir að hvítagullið hafi nánast horfið á tímabilum en sé greinilega á leið inn aftur og hringarnir séu heldur að breikka. „4-6 mm er vinsælasta breiddin. Á tímabili voru hamraðir hringar og hringar með rúnaletri nokkuð vinsælir og það er alltaf eitthvað um að fólk taki þá. Nöfn brúðhjónanna eru þá grafin með rúnaletri utan á hringana.“

Sigurður hefur verið í gullsmíðinni í tæp 40 ár og séð ýmislegt þegar kemur að því að grafa inn í giftingarhringa. „Oftast er þetta hefðbundið en ég hef líka grafið epli og appelsínur, gælunöfn fólks úr tilhugalífinu og ýmislegt sem er þá einskonar „lókalhúmor“ brúðhjónanna. Pör koma í níutíu prósentum tilfella saman til að velja, hin tíu prósentin eru mest karlmenn sem ætla að koma kærustunni á óvart með bónorði. Það hefur þó aukist að konur komi einar, sem er hið besta mál,“ segir Sigurður.

Meðalverð á hringum hjá Gulli og silfri er á bilinu 35-50 þúsund krónur, en hægt er að fá þá bæði dýrari og ódýrari. „Þegar ég var að byrja árið 1963 var viðmiðið að verkamaður þyrfti að borga mánaðarlaun fyrir hringana. Það hefur aldeilis breyst og nú eru hringar miklu ódýrari,“ segir Sigurður.

Hringar með rúnaletri eru alltaf vinsælir. Þessir fást hjá Gulli og silfri.

Hringar úr stáli verða sífellt vinsælli. Lára smíðar þá eftir óskum kaupenda..

Þessir fallegu hringar eru frá Láru.

14 karata gullhringar. Bæði slétt áferð og hrjúf. Fást hjá Jens.

14 karata gullhringar með hvítagullsrönd frá Jens.

14 karata hvítagullshringar frá Jens.

Stálhringar með demöntum

Lára gullsmiður segir heilmikla breidd í giftingarhringjum en nýjungar séu helstar þær að stálhringir verði sífellt vinsælli. „Þetta var til langs tíma óskaplega einfalt, staðlaðir kúptir hringar, þriggja til fjögurra millimetra. Þannig var það um síðustu aldamót og aldamótin þar á undan. Frávikin voru ekki mikil nema „sixtees“-hringarnir, sem voru 8-10 mm. Það tímabil stóð í um það bil tíu ár. Fólk soðnaði undan þessum hringum og hætti að ganga með þá og lét yfirleitt smíða úr þeim nýja hringa eða mjókka þá.“

Nú eru stál- og silfurhringar vinsælastir að sögn Láru, og hvítagull, gjarnan í bland við rauðagull, eða eitt sér með demanti. „Stálhringarnir eru voðalega spennandi, þetta er eðalstál, svokallað skartgripastál, og mjög fallega grátt. Stálið er oft skreytt með gulli og svo er steinninn settur í og oft eru smíðuð gullstykki í herrahringana.“

Láru finnst tilhneigingin núna vera skrautlegir hringar, jafnvel þannig að kvenhringurinn sé tveir hringar samanlagt jafn breiðir og herrahringurinn Annar dömuhringruinn er þá með skreyttur demöntum.

Fólk er líka frjórra nú en áður og kemur með eigin hugmyndir og teikningar. Við getum svo útfært hugmyndina. Meðalverð á venjulegum hringunum er í kringum 50.000 krónur en þeir sem eru sérstakari geta auðveldlega farið í 70 þúsund. „Mér skilst að um aldamótin 1900 hafi giftingarhringar kostað vetrarlaun vinnumanns, það hefur aldeilis breyst og í dag fást hringarnir miklu ódýrari.“ ■

Saga brúðarslörsins

BRÚÐARSLÖRIÐ VAR NOTAÐ TIL AÐ FELA ANDLIT BRÚÐARINNAR FYRIR VERÐANDI EIGINMANNI HENNAR.

Upphaflega átti brúðarslörið að merkja hreinleika brúðarinnar, sakleysi hennar og hógværð. Slörið átti þannig að fela ógiftar konur fyrir mönnum sem ekki voru verðugir þangað til réttur maður fengi loksins að sjá hana og meta fegurð hennar.
Saga brúðarslörsins getur verið rekin aftur til Rómverja þar sem venjan var að brúðir væru kappklæddar frá toppi til táar. Á miðöldum tíðkaðist í Evrópu að brúðir bæru slör sem var svo þykkt að ekki sæist í gegn um það. Helgaðist það af því að eiginmaðurinn mátti ekki sjá andlit brúðarinnar fyrr en þau væru gift.

Á þeim tíma tíðkaðist að foreldrar brúðhjónanna skipulögðu brúðkaupið og má finna svipaða siði í þeim löndum sem það tíðkast enn, eins og til dæmis í Mið-Austurlöndum og víða í Asíu. Hápunktur brúðkaupsins var þá eftir að giftingunni sjálfri var lokið, þegar eiginmaðurinn mátti lyfta brúðarslörinu og sjá andlit eiginkonu sinnar í fyrsta sinn.

Saga brúðarslörsins er rekin aftur til Rómverja.

BRÚÐAR GJAFIR
...
Gallerí Fold
Kringlunni og Rauðarárstíg
LISTMUNASALA fold

Við höfum flutt
verslun okkar og
hönnunarverkstæði
ofar á Laugaveginn
í rúmgott
og bjart húsnæði
að Laugavegi 52
Gull & Silfur
Sími: 552 0620

Fallegir fordrykkir

ÞAÐ ER VOÐALEGA GAMAN AÐ HAFA ÓVENJULEGA OG GÓÐA FORDRYKKI Í BRÚÐKAUPSVEISLUNNI.

Það er hefð á Íslandi að bjóða upp á fordrykk í brúðkaupum til að brúðkaupsgestir fái að væta kverkarnar eftir giftingarathöfnina og skála fyrir nýbökuðum brúðhjónunum.
Oft er kampavín í boði en sniðugt er að bjóða upp á óvenjulega og skemmtilega drykki – bæði áfenga og óáfenga.

ÓÁFENGUR DRYKKUR

- 1 ferna ananassafi
- 1 ferna appelsínusafi
- 1/2 ferna frosið límónaði
- Grenadine eftir smekk
- 3 bollar sykur
- Engiferöl eftir smekk
- Vatn

SUMARSJEIK

- 1 flaska kampavín
- 16 hlutar ananassafi
- 1 bolli mulinn ananas

Hrærið vökvanum saman. Fyllið kampavínsglös með muldum ananas. Berið fram.

allt - sem þig vantar

Ingvar Helgason IH
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar

Saab 9-5 nýskr. 12/'01 ssk. Ek. 49 þús. km. Verð 2.370.000. Tilboð 1.970.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra 1.2 nýskr. 06/01 bsk. Ek. 82 þús. km. Verð 970.000. Tilboð 650.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra nýskr. 07/99 bsk. Ek. 125 þús. km. Verð 830.000. Tilboð 550.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy nýskr. 03/'96 bsk. Ek. 173 þús. km. Verð 650.000. Tilboð 450.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra nýskr. 03/00 ssk. Ek. 96 þús. km. Verð 1.030.000. Tilboð 740.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra 1.6 nýskr. 06/98 ssk. Ek. 126 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 530.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy nýskr. 01/98 ek. 141 þús. km. Verð 890.000. Tilboð 690.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason IH
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar

Opel Corsa 1.4 Swing nýskr. 04/98 bsk. Ek. 108 þús. km. Verð 530.000. Tilboð 370.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra 1.6GL nýskr. 06/98 ssk. Ek. 113 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 570.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra Nýskr. 05/98 ssk. Ek. 110 þús. km. Verð 550.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Isuzu Trooper nýskr. 10/00 ssk. Ek. 97 þús. km. Verð 2.200.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Renault Master nýskr. 05/00 bsk. Ek. 179 þús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Kia Pride nýskr. 12/00 bsk. Ek. 34 þús. km. Verð 490.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Renault Kangoo nýskr. 02/'02 bsk. Ek. 77 þús. km. Verð 890.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason IH
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar

Opel Vectra Comfort nýskr. 08/03 ssk. Ek. 30 þús. km. Verð 2.050.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Mitsubishi Space Wagon nýskr. 02/'00 ssk. Ek. 116 þús. km. Verð 1.040.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Honda Accord executive nýskr. 02/'05, ssk. Ek. 7 þús. V. 2.990.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Almera Visia nýskr. 05/'03, bsk. Ek. 50 þús. km. Verð 1.190.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Impreza GL nýskr. 01/'00 ssk. Ek. 111 þús. km. Verð 950.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Volkswagen Vento Gli nýskr. 08/'96, ek. 98 þús. km. Verð 520.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Kia Carnival nýskr. 04/'02, ssk. Ek. 39 þús. km. Verð 1.750.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason IH
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar

Nissan Terrano Luxury nýskr. 07/'03 ssk. Ek. 45 þús. km. Verð 3.150.000. Tilboð 2.850.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Chevrolet Suburban nýskr. 10/'92, ek. 225 þús. Verð 970.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Patrol Elegance 35" nýskr. 05/'03 ssk. Ek. 50 þús. km. Verð 4.190.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Renault Megane Classic nýskr. 03/'02 ek. 51 þús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Corsa Comfort nýskr. 05/'01, bsk., ek. 77 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 550.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Suzuki Baleno stw. 4x4 nýskr. 09/98, bsk., ek. 103 þús. km. Verð 680.000. Tilboð 470.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra 1.2 nýskr. 06/02, bsk., ek. 69 þús. km. Verð 1.040.000. Tilboð 820.000 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason IH
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar

Chrysler Stratus nýskr. 03/99, ssk., ek. 76 þús. km. Verð 990.000. Tilboð 760.000.- 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Corsa Comfort nýskr. 06/01, bsk., ek. 98 þús. km. Verð 740.000. Tilboð 540.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Mitsubishi Lancer nýskr. 06/99, bsk., ek. 127 þús. km Verð 780.000. Tilboð 560.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr. 05/97 bsk., ek. 170 þús. km. Verð 480.000. Tilboð 330.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Corsa Comfort nýskr. 06/01 bsk., ek. 68 þús. km. Verð 770.000. Tilboð 570.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra 1.6GL nýskr. 03/98, ssk., ek. 104 þús. km. Verð 550.000.- Tilboð 340.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Alfa Romeo nýskr. 09/03, bsk., ek. 30 þús. km. Verð 2.720.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason IH
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar

Volkswagen Golf nýskr. 08/03, bsk., ek. 34 þús. km. Verð 1.530.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Infiniti FX35 nýskr. 06/04, ssk., ek. 9 þús. km. Verð 4.970.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Forester CS nýskr. 06/02, ssk., ek. 60 þús. km. Verð 1.620.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Primera nýskr. 07/02, ssk., ek. 43 þús. km. Verð 1.650.000.
100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Toyota Corolla nýskr. 09/99, bsk., ek. 99 þús. km. Verð 630.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Jeep Cherokee Laredo nýskr.07/91, ssk, ek 118 þús. km. Verð 470.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Terrano Luxury nýskr. 10/00, bsk, ek. 83 þús. km. Verð 2.150.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Terrano II SE nýskr. 06/96, bsk., ek. 169 þús. km. Verð 790.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda hússins áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda hússins áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda hússins áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda hússins áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda hússins áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda hússins áður Opel / Saab söludeild

brimborg
Taktubíl

Renault Megane Scenic, skrd. 12/1999 ek. 109.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo V70XC, skrd. 04/2003, ek. 39.000 km, 2500cc, sjálfskiptur, 4x4. Ásett verð 3.790.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Lexus LS430, skrd. 08/2003, ek. 19.000 km, 4300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Ford Explorer Exec, skrd. 12/1997, ek. 124.000 km. 4000cc, sjálfskiptur, 206 Hö. 4x4 Ásett verð 1.350.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Ford Mondeo, skrd. 05/2001, ek. 130.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Nissan Almera, skrd. 12/1999, ek. 120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

MMC Lancer 4x4, skrd. 05/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr.100% lán mögulegt S. 515 7000.

Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.

Gisting

Ný íbúð til leigu á Spáni. Uppl. í s. 899 3242 eða vilkr@simnet.is

Útilegubúnaður

Til sölu góður Camp let Gte Tjaldvagn, á góðu verði. Upplýsingar í síma 894 9906.

Byssur

SKOTREYN. Skotæfingasvæði á Álsnesi opið mánud. til fimmtud. frá 19-22.

Fyrir veiðimenn

Lundaháfar.
360 sm tvískipt skaft
kr. 21.810.-
Spækur - kross - net
kr. 12.800.-
Tilboð 27.600.-
Sportvörugerðin
Skipholti 5 s. 562 8383.
www.sportvorugerdin.is

Ýmislegt

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu ný 2ja herb. rúmgóð íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 896 1306 & 897 9390.

Húsnæði óskast

2-3 herb.íbúð með húsgögnum óskast til leigu í ágúst 2005 í miðbæ Rvk. Sendist á póstfang: sveinbjorg@centrum.is

Ungt par með tvo hunda óskar eftir 2-3 herbergja íbúð strax, á höfuðborgarsvæðinu í eitt ár. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 662 5670.

Par vantar 2ja-3ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. frá 01.08-? Meðmæli og peningar. S. 659 1781.

2 reglusamir einstaklingar utan að landi óska eftir íbúð á leigu í Rvk allt að 70 þús á mánuði. Skilvísi heitið. S. 661 1045 & 868 3721.

Lítil íbúð óskast á svæði 101, 105 eða 107. Skilvísar greiðslur. Uppl. í síma 692 1343.

Leita eftir húsnæði til leigu aðeins í ágúst, allan mánuðinn fyrir 6-8 manneskj. Tala ensku. Uppl. í síma +491704721601 eða e-mail aschimmelbusch@yahoo.de

Lítil íbúð óskast á svæði 101, 105 eða 107, langtímaleiga, reyklaus, skilvís. Uppl. í síma 692 1343.

Par utan af landi óskar eftir 2ja herb. íbúð í Rvk. frá 1. ágúst. Uppl. í s. 865 9277.

Óska eftir herbergi á leigu með hreinlætisaðstöðu frá ágúst til janúar. Uppl. í s. 659 6118.

35 ára húsasmiður óskar eftir góðri 2ja-3ja herb. íbúð helst á svæði 105 eða 108. Skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta allt að 70 þús. Uppl. gefur Björn í s. 844 8675.

Ungt par utan að landi reyklaust og reglusöm á leið í skóla óskar eftir 2ja herbergja íbúð í Rvk. Verðhugmynd 40-70 þúsund. Upplýsingar í síma 866 5108 og 866 0773 Þóra og Davíð.

Reyklaus og reglusöm stúlka utan að landi í háskólanámi óskar eftir ódýrri og traustri íb/stúd.íb/(herb) til leigu næsta vetur (hugsl lengur) nálægt Háskóla Íslands. Uppl. í s. 699 2075.

Miðaldra konu vantar húsnæði á verðbilinu 55-60 þ. strax. Algjör reglusemi, skilvísar greiðslur. S. 661 8728.

Fasteignir

Jörðin Austurkot Vantsleysisströnd til sölu ásamt útihúsum. Í íbúðarh. eru 2 íbúðir. S. 869 5212.

Sumarbústaðir

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121

Höfum til leigu sumarbústað í Munaðarnesi í Borgarfirði. Uppl. í s. 692 9383.

Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074.

Gisting

Til leigu 80 ferm. 3ja herbergja fullbúið einbýlishús á Dalvík um helgina og næstu viku og eða eftir 9 ágúst. Uppl. í síma 893 5201.

ATVINNA

Atvinna í boði

Bakaríið hjá Jóa Fel.
Bakaríið Jóa Fel Kleppsvegi óskar eftir að starfsfólk í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir. Ekki sumarstarf.
Uppl. á fást hjá Birtu í síma 588 8998 eða á staðnnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Vantar starfsmann sem fyrst
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.

Óskum eftir handlögnum verkamönnum og vörubílstjóra á bíl með krana.
Uppl. í síma 899 9189 & 869 1415. Hellur og Gras ehf.


Flokkstjóri
Loftstokkahreinsun
VR
2005
Við leitum eftir flokkstjóra í loftstokkahreinsun og viðhald. Óskum við eftir blikkmið eða manni vönum loftræstikerfum eða vélum.
Starf flokkstjóra felst m.a. í:
*umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
*þrif á verkstað
*samskiptum við verkkaupa
*komnslu og hjálfun starfsmanna
Vinnufatafall er 100% með sveigjanlegum vinnutíma.
Nánari upplýsingar veitir Jón í síma 693 4920. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að Ármúla 40, 3. hæð. Sími 5 800 600. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS, www.iss.is.
ISS ÍSLAND

Ræstingar
Vantar fólk í 50-100% vinnu. Allar upplýsingar um störfin eru í s. 578 1450. Nostra ehf.

Bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Sumarvinnna
Óskum eftir duglegu fólki í garðslátt. Aldur 17-22 ára. Með bílpróf. Umsóknir á www.gardlist.is

Ari í Ögri óskar eftir fólki í vinnu sem er þjónstulundað, jákvætt og duglegt. Upplýsingar í síma 822 9972 og 899 6232.

BT sögun óskar eftir starfsfólki í steipusögun, kjarnaborun og múrbrot. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 892 7544.

TILKYNNINGAR

Skipulagsstofnun

Móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu- og orkunýtingarkerfi.

Mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á, móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu- og orkunýtingarkerfi.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 17. ágúst 2005.

Skipulagsstofnun

Bónusvideó
Óskar eftir starfsfólki. Aldur 18 ára + í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 868 4477 & 862 5460.

Hornið óskar eftir að ráða reglusama og stundvísa þjóna. Vaktavinna og frí aðra hvora helgi. Reynsla æskileg. Góð laun í boði. Uppl. í síma 864 0499 og umsóknareyðublöð á staðnum. Veitingahúsið Hornið, Hafnarstræti 15.

Hjón í London óska eftir au-pair, til að gæta sonar okkar sem er 4ja ára. Þarf að byrja 1. september. Upplýsingar veitir Gunnhildur í síma 557 1565 eða 00 44 7909 963 090 gunnhildur44@hotmail.com

Söluturninn Rebbi í Hamraborg. Starfskraft vantar aðra hvora helgi ekki yngri en 18 ára reyklaus. Tilvalið með skóla. Umsóknareyðublöð eru á staðnum.

Bókara vantar til starfa í 50% starf. Uppl. í s. 897 2600.

Hressingarskálinn óskar eftir að ráða vana barþjóna og einnig vantar aðstoðarmann í eldhús. Upplýsingar í síma 862 1118 eða hresso@hresso.is einnig eru umsóknareyðublöð á staðnum.

Au Pair
Áreiðanlegur og duglegur einstaklingur 18 ára eða eldri óskast sem au pair á heimili íslenskra hjóna í Luxembourg. Á heimilinu eru 2 ung börn. Viðkomandi þarf að geta umgengist hunda. Uppl. í síma 461 1286 og 820 1585.

Örður vantar trailerbílstóra og vélamann til framtíðarstarfa eða afleysinga. Mikil vinna. Góð laun í boði. Uppl. gefur Bragi í s. 691 1559.

Óskum eftir vönum verkamönnum í vinnu við hellulagnir strax. Næg vinna fram að jólum. Uppl. í síma 898 4202 & 897 4583.

Starfskraftur óskast í kvennærfataverslun, 50-100 % starf. Ekki yngri 25 ára. Uppl. í s. 846 5848.

Atvinna óskast

Bifvélavirki óskar eftir atvinnu. Er vanur viðg. á vinnuvélum. áhugasamir sendi uppl. um kaup og kjör á bifvelavirki@yahoo.com 100% trúnaður.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Bílstjóri, 67 ára. blíður maður vantar ferðafélagan. Svör Skaftahlíð 27 merkt áhugamál.

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMA LIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

OPIÐ HÚS – Vesturgata 50a, Reykjavík

miðvikudaginn 20. júlí, frá kl 20:00 - 20:30

Komið er inn í opið rými með rúmgóðum skápum. Eldhús er með ljósri, sprautulakkaðri innréttingu og nettum borðkrók. Stofa og borðstofa eru samliggjandi með stórum suðurgluggum. Tvö rúmgóð svefnherbergi með góðum fataskápum. Baðherbergi er með flísum í hólf og gólf, sturtuklefa og góðu skápaplássi. Beyki parket er á allri íbúðinni fyrir utan baðherbergi og allar hurðir eru nýlegar úr hvíttuðum hlyn. Sérgeymsla fylgir íbúðinni og þvottaherbergi er í sameign. Hér er um fallega eign að ræða sem vert er að skoða.
Nánari upplýsingar um eignina gefa sölufulltrúar Fasteignakaupa, þeir Páll Höskuldsson í síma 864 0500 og Guðmundur Valtýsson í síma 892 3022.

Sölufulltrúi :
Guðmundur Valtýsson
865 3022
gudmundur@fasteignakaup.is

Sölufulltrúi :
Páll Höskuldsson
864 0500,
pall@fasteignakaup.is

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-.skipa- og fyrirtækjasali.

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.ist

OPIÐ HÚS – Skipholt 15, Reykjavík

Heimilisfang: Skipholt 15, Reykjavík
Stærð eignar: 93,8 fm
Afhending: Strax
Brunab.mat: 13.786.000
Lóðamat: 12.314.000

Fasteignakaup kynnir stórglæsilega 2ja herb. 93,8fm íbúð á 1.hæð.

Eignin og allt húsið er nýstandsett og lofthæð íbúðar 3,3m sem gerir hana sérstaklega skemmtilega. Íbúðin skiptist í anddyri með góðum fataskáp, flísalögðu baðherbergi, stofu með suðvestursvölum, svefnherbergi með stórum fataskáp, rúmgott þvottahús og glæsilegt opið eldhús með fallegum Modulia eikarinnréttingum, háfur og tæki eru úr burstuðu stáli. Allar innréttingar eru frá BYKO. Sameign er með lyftu og skilast fullfrágengin . Eignin er tilbúin til afhendingar strax

Páll Höskuldsson tekur á móti gestum milli kl. 20 - 21 í dag.

Sölufulltrúi :
Páll Höskuldsson
gsm 864 0500,
pall@fasteignakaup.is

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-.skipa- og fyrirtækjasali.

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.ist

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

ÍRABAKKI

Stærð í fermetrum: 83
Fjöldi herbergja: 4
Tegund eignar: Fjölbýli
Verð: 15,500,000
Lýsing eignar: Forstofa er með flísum á gólfi og góðum fataskáp. Tvö barnaherbergi eru í íbúðinni og eru þau með parket á gólfi, Hjónaherbergið er rúmgott með góðum skápum og parket á gólfi. Baðherbergið er með flísum í hólf og gólf og fallegri innréttingu auk baðkars. Eldhúsið er með fallegri innréttingu en skipt var um borðplötu og blöndunartæki fyrir 2 árum, parket á gólfum. Inn af eldhúsi er borðstofa með gott útsýni í vestur. Stofan er rúmgóð með parketi á gólfi og tölvurými. Útgengt er út á vestur svalir sem eru mjög rúmgóðar og þar er hægt að horfa niður í garð þar sem leiktæki og sandkassar eru fyrir börnin. Geymsla og hjólageymsla fylgir með. Lóðin er í górðii rækt og er mjög falleg á þessum árstíma. Hússjóður sér um þrif og sorpgeymslu, hita og umhirðu á sameiginlegum garði. Sölumaður: Ástþór Helgason 898 1005

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

NAUSTABRYGGJA

Stærð í fermetrum: 155 • Fjöldi herbergja: 4 • Tegund eignar: Fjölbýli m/lyftu og bílastæði í bílageymslu • Verð: 29.800.000
Lýsing eignar:
Stórglæsileg eign á 2 hæðum fyrir vandláta eignin er skráð 106 fm en hún er ca 155 fm. Öll nýstandsett, með tækjum og innréttingum fyrir vandláta,fallegt ljóst parket er á íbúðinni. Lyfta er í fjölbýlinu og sér stæði í bílageymslu. Fallegt útsýni. Þetta er eign sem býður upp á mikla möguleika. ALLAR FREKARI UPPLÝNGAR GEFUR ÁSTÞÓR HELGASON GSM: 898-1005
Sölumaður: Ástþór Helgason Gsm: 898-1005

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

REYKJAVÍKURVEGUR

Stærð í fermetrum: 67,8 • Fjöldi herbergja:3 • Tegund eignar: Ris íbúð
Verð: 15.500.000,-
Lýsing eignar: GULLFALLEG 3JA HERBEGJA RISÍBÚÐ Í HJARTA HAFNARFJARÐAR Björt stofa og borðstofa með útgengi út á nýlegan pall með glæsilegu útsýni til allra átta. Eldhús með nýlegri innréttingu og glæsilegum stáltækjum, gaseldavél og t.f uppþvottavél. Baðherb. með kari og sturtu, tvö svefnherbergi. Íbúðin er talsvert undir súð og er heildarfm. Fjöldi gólfflatar 82 fm. GULLFALLEG EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA – LAUS FLJÓTLEGA ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 8929599 EÐA 585-0106

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100

Akkurat
Lynghálsi 4 • 110 Reykjavík • akkurat@akkurat.is • www.akkurat.is

SÉRHÆÐIR Í NORÐLINGAHOLTI!

- 2ja, 3ja og 4ra herbergja glæsiíbúðir
- Stæði í bílskýli fylgir öllum íbúðum
- Fullbúnar án gólfefna
- Vandaðar innréttingar upp í loft
- Innbyggð uppþvottavél fylgir
- Granít borðplötur og gluggakistur
- Fullbúið, flísalagt baðherbergi
- Þvottahús innan íbúðar
- Sérinngangur
- Mynddyrasími
- Suðurverönd eða stórar svalir

VERÐ FRÁ 20,5 millj. - 28,0 millj.
Afhending áætluð í okt og nóv 2005

Halla Unnur Helgadóttir löggiltur fasteignasali

BRUCE LEE (1940-1973)
lést þennan dag.

„Ég er ekki í þessum heimi til að standa undir væntingum þínum og þú ert ekki hér til að standa undir mínum.“

Bruce Lee er af mörgum talinn besti leikari í bardagamyndum tuttugustu aldar. Hann lést aðeins 33 ára og hefur dauði hans ávallt þótt dulúðlegur.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Fyrsti kvenforsætisráðherra heims

Þennan dag árið 1960 varð Sirimavo Bandaranaike fyrsta konan í heiminum til að gegna forsætisráðherraembætti. Hún var ekkja hins myrta forsætisráðherra Ceylons, Solomon Bandaranaike. Sirimavo hóf þátttöku í stjórnmálum aðeins ári áður þegar eiginmaður hennar var skotinn af róttækum búddista.
Sirimavo gerði Sinhalese mállýskuna að ríkistungumáli sem vakti reiði Tamíla í landinu. Einnig gerði hún skólana ríkisrekna.
Hún tapaði kosningum árið 1965 en komst aftur til valda fimm árum síðar. Ceylon varð lýðveldi árið 1972 og var nafni þess þá breytt í Srí Lanka. Flokkur Bandaranaike tapaði í kosningum árið 1977 og árið 1980 var hún sjálf fundin sek um misnotkun valds og neydd úr ríkisstjórninni. Dóttir hennar, Chandrika Kumaratunge, var kosin forseti árið 1994 og gerði móður sína að forsætisráðherra sem þá var orðið varla meira en táknrænt embætti.
Eftir fjörutíu ára valdaferil sagði Sirimavo af sér í ágúst árið 2000 og lést aðeins tveimur mánuðum síðar úr hjartaáfalli, þá 84 ára gömul.

20. JÚLÍ 1960

MERKISATBURÐIR

1433 Jóni Gerrekssyni Skálholtsbiskupi er drekkt í Brúará.

1783 Eldmessan er haldin á Kirkjubæjarklaustri. Meðan séra Jón Steingrímsson messaði stöðvaðist framrás hraunsins úr Skaftáreldum stutt frá kirkjunni.

1944 Adolf Hitler sleppur naumlega þegar reynt er að ráða hann af dögum með sprengingu í höfuðstöðvum hans í Rastenberg.

1969 Neil Armstrong stígur sín fyrstu skref á tunglinu.

1974 Tyrkland ræðst inn í Kýpur.

1976 Bandaríska geimfarið Víking 1 lendir á Mars.

1989 Síðasti hvalurinn sem veiddur var samkvæmt vísindaáætlun kemur í land í hvalstöðinni í Hvalfirði.

†

Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

Helga Guðrún Þorsteinsdóttir
Hraunbæ 80, Reykjavík,

lést 12 júlí.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. júlí kl.13.00.

Helga Margrét Söebech
Þórður Freyr Söebech
Guðmundur Örn Gunnarsson
Helgi Valur Gunnarsson
Jódís Þorsteinsdóttir.
Gunnar Örn Guðmundsson

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, samúðarkveðjur og vináttu við andlát og útför

Halldórs Sturlu Friðrikssonar
stórkaupmanns.

Erna Sveinbjörnsdóttir
Friðrik Halldórsson
Elínborg Halldórsdóttir
Sveinbjörn Halldórsson
Margrét Halldórsdóttir
Erna Gunnþórsdóttir og barnabörn.
Bergljót Friðriksdóttir
Ingibjörg Erna Sigurðardóttir
Jóhann Steimann

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður G. Antonsdóttir
Sogavegi 20, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.

Birgir Guðmundsson
Bragi Guðmundsson
Anton Örn Guðmundsson
Sigurjón Guðmundsson
Stefán Guðmundsson
Ásdís Guðnadóttir
Margrét Gísladóttir
Guðný Björgvinsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Stefanía Muller
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengadafaðir, afi, tengdasonur og bróðir,

Eyjólfur Sig. Bjarnason
Víðivangi 8, Hafnarfirði.

Verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði fimmtudaginn 21. júlí kl. 13.00.

Guðfinna Vigfúsdóttir
Ásta Eyjólfsdóttir
Sigurborg Eyjólfsdóttir
Vigfús Eyjólfsson
Hermann Jónsson
Sverrir Kristinsson
Rakel Þórðardóttir
Atli, Tryggvi, Ísak, Ingimar Bjarni, Eyjólfur Árni, Vigfús Sigurðsson og systkini hins látna.

BRIAN PILKINGTON TEIKNARI OG TRÖLLASÉRFRÆÐINGUR ER 55 ÁRA

Í fylgd með tröllum

Brian Pilkington er löngu orðinn einn helsti tröllasérfræðingur landsins enda hefur hann teiknað margar forljótar en broshýrar skessur í gegnum tíðina. Brian er ekki mikið fyrir afmæli og ætlar því ekki að gera neitt sérstakt í tilefni dagsins. „Kannski opna ég rauðvínsflösku,“ segir Brian, sem fékk kíki í afmælisgjöf frá konu sinni en hann er mikill fuglaáhugamaður.

Brian er fæddur í Bretlandi og kom til Íslands í sumarfrí fyrir 28 árum. „Ég skemmti mér svo rosalega vel að ég fór ekki heim,“ segir Brian léttur í lund og telur sig ennþá vera í þessu sumarfrí.

Tröllin komu inn í líf Brians þremur árum síðar þegar hann myndskreytti bók Guðrúnar Helgadóttur, Ástarsögu úr fjöllunum. „Tröllin passa vel við minn stíl. Mér finnst gaman að teikna tröll enda getur maður ekki gert nein mistök við að teikna þau,“ segir Brian en hann hefur lagt mikinn tíma í að byggja upp heilan tröllaheim. „Mig dauðlangar að búa til heila bíómynd um tröll með Steven Spielberg,“ segir Brian hlæjandi en hann vinnur nú að bók um huldufólk sem er af allt öðrum toga.

„Það er mjög erfitt, ég er vanur að teikna ljótar verur og þarf núna að teikna eitthvað rosalega fallegt,“ segir Brian. Hann vonast til að bókin komi út fyrir jólin en textann skrifar vinur hans Terry Gunnell þjóðfræðingur.

Brian er mikill stuðningsmaður knattspyrnuliðsins Liverpool enda fæddist hann í bænum og stundaði nám við Anfield junior skóla. „Þetta er í æðunum og ég bara get ekki sleppt því að fylgjast með,“ segir Brian sem er ennþá að reyna að ná röddinni eftir sigur liðsins í meistaradeild Evrópu. ■

PILKINGTON Brian kom til Íslands fyrir 28 árum í sumarfrí og fór aldrei heim.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,

Hjálmars Vagns Hafsteinssonar
Túngötu 18, Sandgerði.

Sigrún Ásgeirsdóttir
Sonja Hafsteinsdóttir
Ásgerður Hafsteinsdóttir
Díana Hafsteinsdóttir
og frændsystkini.
Hafsteinn Oddsson
Halldór Þorvaldsson
Aleksandrs Mavlopulo

†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,

Hlynur Sigtryggsson
fyrrverandi veðurstofustjóri,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22 Júlí kl. 11 f.h.

Ragnheiður Hlynsdóttir
Georg A. Bjarnason
Hlynur Georgsson
Sóley Soffía Georgsdóttir
Þröstur Sigtryggsson

ANDLÁT

Björn Friðbjörnsso, frá Vík í Fáskrúðsfirði, lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð laugardaginn 16. júlí.

Halldór Jónsson, frá Sunnutúni, Eyrarbakka, Baugstjörn 6, Selfossi, lést á Sjúkrahúsi Suðurlands laugardaginn 16. júlí.

JARÐARFARIR

13.00 **Jón Kristinn Ágústsson** Skipholti, Vatnsleysuströnd, verður jarðsunginn í Fossvogskirkju.

Vandaðu valið

Italsofa
Glæsilegt sófasett 3+1+1
Verð aðeins **kr. 249.000.-**

Italsofa The Italian touch
Hægindahornsófi með slitsterku
áklæðisem auðvelt er að þrífa.
Frábær í sjónvarpsholið.

Tilboðsverð aðeins
kr. 198.000.-

Sófasett með slitsterku
áklæði sem auðvelt er að þrífa.
Verð aðeins kr. 159.000.-
Litir: ljósbrúnt, grábrúnt

Italsofa
Hornsófi með slitsterku áklæði sem
auðvelt er að þrífa. Verð kr. **125.000.-**
Með leðuráklæði verð kr. **189.000.-**

Italsofa
Fallegur og þægilegur skemlasófi

Leðuráklæði verð kr. **149.000.-**
Tauáklæði verð kr. **119.000.-**

Hornsófi með leðuráklæði
Verð aðeins **kr. 159.000.-**
Litur: brúnn

Italsofa
Hornsófi/svefnsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa.
Verð aðeins **kr. 175.000.-**

Stílhrein og vönduð borðstofuhúsgögn.
Borð með ótrúlegri stækkun.
Frábært fyrir stórfjölskylduna eða fundarherbergið.

skovby

KORTER.IS

Slökunarstólar í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll
með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

Tilboðsverð aðeins
kr. 49.900.-

Bogart

Vandað leðursófasett
3+2+1 á ótrúlegu verði!
Verð aðeins kr. 229.000.-

3+1+1 verð aðeins **kr. 198.000.-**

Vandaður slökunarstóll
með áklæði og skemli aðeins kr. 34.900.-
Verð með leðri kr. 54.900.-

2ja ára ábyrgð

Vandaðu valið

Hjá okkur færðu eingöngu vönduð
gæðahúsgögn á frábæru verði.
Hvort sem er í stofuna, borðstofuna,
sjónvarpsholið, svefnherbergið,
eldhúsið, veröndina, sumarbústaðinn...

Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375
www.valhusgogn.is

Svíi til Keflavíkur

Lið Keflavíkur í Landsbankadeild karla hefur samið við sænska leikmanninn Kennet Gustavsson og verður hann hjá liðinu út sumarið. Þá er einn efnilegasti leikmaður Færeyja, Simon Samúelsson, einnig mættur í Bítlabæinn þar sem hann mun vera við æfingar hjá Keflavík í tvær vikur.

sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í KNATTSPYRNU: VINÁTTULEIKIR GEGN VENESÚELA OG PÓLLANDI FRAMUNDAN

Gaman að fá lið frá annari heimsálfu

Knattspyrnusamband Íslands hefur samið um að leika tvo vináttulandsleiki í sumar og haust, gegn Venesúela hér heima þann 17. ágúst og gegn Pólverjum ytra í október. Framundan eru lokaleikirnir í undankeppni fyrir HM 2006 og þó svo að Ísland eigi enga möguleika á sæti þar verður engu að síður kappkostað við að ná góðum úrslitum og eru vináttulandsleikirnir hugsaðir sem undirbúningur fyrir þá leiki.

Leikur Íslands og Venesúela verður sjöundi landsleikur Íslands gegn liði frá Mið- og Suður-Ameríku. Í þeim leikjum hefur Ísland einu sinni borið sigur úr býtum, gegn Bólivíu árið 1994 þar sem Þorvaldur Örlygsson skoraði sigurmark Íslands. Venesúela verður seint talið stórveldi í suður-amerískri knattspyrnu en liðið er í 9. og næstneðsta sæti undankeppni Suður-Ameríku fyrir heimsmeistarakeppnina. Liðið hefur þó náð athyglisverðum úrslitum, til dæmis unnið Úrúgvæ og Kólumbíu á útivelli og tapað naumlega fyrir Argentínu, 3–2, einnig á útivelli. Ísland leikur svo gegn Pólverjum ytra 7. október en Pólland trónir á toppi síns riðils sem stendur og mun væntanlega leika þýðingarmikinn leik gegn Englandi í lokaumferð riðlakeppninnar á sama tíma og Svíar taka á móti Íslendingum.

„Við kappkostum að fá landsleik hér heima í ágúst," segir Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ. „Við leituðum fyrir okkur í Evrópu en þá voru nærri allir uppteknir á þessum degi. En það verður gaman að geta boðið íslenskum áhorfendum upp á knattspyrnulandslið frá annarri heimsálfu." Geir segir að þó svo að staða Íslands í undankeppninni sé slæm skiptir hvert stig máli upp á framtíðina að gera og að vináttuleikirnir séu ekki síður mikilvægir. „Við erum að þróa okkar lið og reyna að bæta okkar leik. Þessir leikir eru líka hluti af því að vera í alþjóðlegu samstarfi. Knattspyrnan í Suður-Ameríku er sterk og Venesúela er sannarlega verðugur andstæðingur."

> Við hvetjum ...

... alla knattspyrnuáhugamenn að flykkjast í Hafnarfjörðinn í kvöld og hvetja lið FH til dáða í síðari leiknum gegn Neftchi Baku í forkeppni Meistaradeildarinnar í kvöld. Lið Neftchi er firnasterkt og eru um 60 manns úr innsta stuðningsmannakjarna félagsins með í för sem munu án efa láta vel í sér heyra. FH þarf á öllum mögulegum stuðningi að halda í kvöld.

> Við hrósum ...

.... Skagamönnum, sem tóku enska 1. deildarliðið Derby County í kennslustund í fótbolta á Skipaskaga í gærkvöld. Liðið vann sanngjarnan 2-1 sigur gegn liði sem var á mörkunum að komast í ensku úrvalsdeildina í vor.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

17 18 19 20 21 22 23

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.15 **FH** tekur á móti **Neftchi** í forkeppni Meistaradeildar Evrópu á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði.

SJÓNVARP

- 17.30 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 18.00 **Meistaradeildin-Gullleikur** á Sýn.
- 19.40 **Meistaradeildin FH-Neftchi** á Sýn.
- 22.00 **Stjörnukylfingur Íslands** á Sýn.
- 22.20 **Formúlukvöld** á RÚV.
- 22.40 **Beyond the Glory** á Sýn.
- 22.40 **Bikarkvöld** á RÚV.
- 23.20 **Meistaradeildin FH-Neftchi** á Sýn.

Erum ekki lið sem hangir í vörn

FH tekur á móti Neftchi Baku í síðari leik liðanna í Evrópukeppninni í Kaplakrika í kvöld. Þjálfari aserska liðsins segir FH vera með sterkt lið en að sínir menn séu staðráðnir í að komast áfram í keppninni.

FÓTBOLTI Neftchi hefur gott forskot á FH eftir fyrri leikinn ytra, þar sem heimamenn sigruðu 2-0 og tapið var það fyrsta og eina hjá Hafnfirðingum í sumar. Þjálfari Neftchi, Agasalim Misjavadov, segir ekki margt hafa komið sér á óvart í leik FH-inganna ytra en viðurkennir að þeir séu með frambærilegt lið sem ekki beri að vanmeta.

„Ég sá myndbandsupptöku úr 3-1 sigurleik FH áður en við mættum þeim og þar mátti glöggt sjá að þeir eru með gott lið. Þeir eru með líkamlega sterka leikmenn og leikstíll FH er ekki ósvipaður því sem gengur og gerist í enska boltanum. Það virðist henta þeim vel að spila svona knattspyrnu og þó að mér sýnist FH-ingar helst vilja sækja, er varnarleikur þeirra mjög góður líka," sagði Misjavadov sem sagði sína menn ekki komna hingað til að verja forskot sitt úr fyrri leiknum, slíkt byði hættunni heim.



ÆTLA SÉR SIGUR Varaforsetinn Ramin Musayev og fyrirliðinn Rashad Sadigov segja að Neftchi muni sækja til sigurs í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

„Við erum ekki lið sem hangir í vörn og sækjum alltaf til sigurs. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að við erum að spila við gott lið á erfiðum útivelli og því gæti vel brugðið til beggja vona fyrir okkur. Ég við erum ilbúnir og ætlum að ná góðum úrslitum," sagði þjálfarinn.

Blaðamaður spurði Misjavadov hvort það væru einhverjir leikmenn sem hann legði meiri áherslu á að stöðva en aðra í FH-liðinu. „Framherjar þeirra eru skæðir, bæði Tryggvi Guðmundsson og Allan Borgvardt. Ég veit að þeir eru báðir markahæstir í heimalandinu og miklir markaskorarar þannig að við verðum að reyna að halda aftur af þeim í leiknum í Hafnarfirði, en svo hef ég hrifist af leik Davíðs Þórs Viðarssonar og Daða Lárussonar í markinu."

baldur@frettabladid.is

VISA BIKARINN

8 liða úrslit karla

Laugardaginn 16. júlí kl. 16:00
FH - ÍA
Kaplakrikavöllur - **Úrslit:** 5 - 1

Miðvikudaginn 20. júlí kl. 19:15
HK - Fylkir
Kópavogsvöllur

Fimmtudaginn 21. júlí kl. 19:15
Fram - ÍBV
Laugardalsvöllur

Fimmtudaginn 21. júlí kl. 19:15
KR - Valur
KR-völlur

Ítarleg umfjöllun um bikarleiki sumarsins á www.visa.is/bikarinn

VISA styður íslenska boltann

VISA BIKARINN

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

TVEGGJA MARKA MAÐURINN Sóknarmaðurinn Andri Júlíusson fór illa með varnarmenn enska 1. deildarliðsins Derby County í æfingaleik liðanna uppi á Skipaskaga í gær. Andri, sem hér sést í baráttunni við einn leikmanna Derby, skoraði bæði mörk Skagamann í 2-1 sigri þeirra. Bæði lið stilltu upp sínu sterkasta byrjunarliði en í síðari hálfleik fengu ungir leikmenn ÍA tækifæri og stóðu sig með stakri prýði. Eftir leikinn stukku leikmenn Derby út í sjó til að kæla sig niður eftir átökin í hitanum í gærkvöldi.

Meistaradeild Evrópu:

Öruggur sigur hjá Liverpool

FÓTBOLTI Steven Gerrard undirstrikaði enn og aftur mikilvægi sitt fyrir Liverpool í síðari leik liðsins gegn Total Network Soulutions frá Wales í gærkvöld. Liverpool sigraði örugglega 0-3, en þegar Gerrard kom inn á þegar rúmur hálftími lifði leiks hafði Liverpool aðeins 1-0 forystu eftir mark Djibril Cisse á upphafsmínútunum. En Gerrard, sem skoraði þrennu í fyrri leiknum, bætti við tveimur glæsilegum mörkum þann tíma sem eftir var og tryggði Liverpool samanlagðan 6-0 sigur.

Rafael Benitez tefldi ekki fram sínu sterkasta liði í leiknum í gær og fengu nokkrir yngri leikmenn liðsins að spreyta sig. Milan Baros var ekki í leikmannahópnum og eftir að félagið festi kaup á Peter Crouch frá Southampton í gær má leiða líkur að því að dagar Baros hjá Liverpool séu taldir. - vig

Keflvíkingar verða fyrir enn einni blóðtökunni:

Guðmundur frá út sumarið?

FÓTBOLTI Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur í Landsbankadeild karla, meiddist á hné í leik gegn ÍBV á dögunum og er óttast um að hann verði ekki meira með á þessu tímabili. Ingvi Rafn Guðmundsson, framherji Keflvíkinga, fótbrotnaði illa í leik fyrr í sumar og verður ekki meira með liðinu. Tveir af fjórum framherjum Keflvíkinga hafa því meiðst í sumar.

Þjálfari Keflvíkinga, Kristján Guðmundsson, sagði þetta mikið áfall. „Það hefur ekki gengið áfallalaust hjá okkur á þessu Íslandsmóti. Nokkrir hafa meiðst, og einn þar á meðal alvarlega. Vonandi reynast þessi meiðsli Guðmundar ekki alvarleg en því miður er útlitið ekki gott."

Mistök í útgáfu Fréttablaðsins í gær urðu til þess að einkunnir leikmanna Keflavíkur og ÍBV á mánudagskvöldið birtust ekki. Beðist er velvirðingar á mistökunum og eru einkunnirnar birtar hér. - mh

KEFLAVÍK 4–4–2		ÍBV 4–4–2	
Ómar	5	Birkir	5
Gestur ⚽	6	Bjarni Geir ▯	5
Guðmundur Mete	7	Bjarni Hólm	5
(83. Ásgrímur	–)	Páll Hjarðar	6
M. Johanson	5	Pétur	6
Guðjón Árni ▯	5	Atli	6
Gunnar Hilmar	5	Jeffs	6
(84. Bjarni	–)	Heimir Snær	5
Baldur	5	Andri ▯	5
*Jónas	7	Pétur Óskar ⚽	7
Hólmar Örn	6	(87. Sam	–)
Hörður ⚽	6	Steingrímur	5
Guðmundur S.	5	(21. Platt	5)
(62. Ólafur Jón ⚽	6)		

*MAÐUR LEIKSINS

Fun Sport

í garðinn og útileguna

Frábært verð

GOLFSETT fyrir þau yngstu 299 kr

PÍLUSPJALD segul 299 kr

PÍLUSPJALD + 6 PÍLUR 699 kr

KASTLEIKUR 499 kr

BORÐTENNIS-SPAÐAR + KÚLUR 199 kr

BADMINTONSETT í tösku 299 kr

BADMINTONSETT í tösku 299 kr

HAFNABOLTAKYLFA + BOLTI 299 kr

KÖRFUBOLTI Nr. 7 499 kr

TVÍVIRK BOLTA-PUMPA 199 kr

BOOMBOLTA TENNIS 499 kr

KÖRFUBOLTI Nr. 5 399 kr

GÚMMÍ FÓTBOLTI Nr. 5 499 kr

ÞYKKT SIPPUBAND með svamphöldum 299 kr

FRISBEE DISKUR 199 kr

Bílar, flugvélar, mótorhjól og þyrlur verð frá 199 kr.

Gildir til á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

ALPHA VENTURE CAPITAL FUND MANAGEMENT S.A.
12, rue Guillaume Schneider
L-2522 Luxembourg
R.C. Luxembourg B 81.916

NOTICE TO THE UNITHOLDERS

****

In accordance with article 15 of the management regulations of **Alpha 1 Venture Capital Fund** (the "Fund"), a "fonds commun de placement" subject to Part II of the law of 20th December, 2002 regarding undertakings for collective investment, the Fund has been put into liquidation with effect as of 1 June 2005.

All assets of the Fund have been realised as of 5 July 2005 and consequently, the net liquidation proceeds, after deduction of all liquidation expenses, can be distributed among
the unitholders.

The net proceeds of liquidation which cannot be distributed to the Unitholders at the close of liquidation shall be deposited with the "Caisse de Consignation" in Luxembourg until expiration of the prescription period.

The Board of Directors
Alpha Venture Capital Fund Management S.A.



STUÐ MILLI STRÍÐA : Strætóskýli stráfelld

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR ALMENNINGSSAMGÖNGUM.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Strætóskýli hafa tekið upp á því að fuðra upp án nokkurs fyrirvara. Einhver hefur tekið sig til og stráfellt þau í stóru lagi. Getur verið að um hryðjuverk sé að ræða? Í mínu hverfi hafa að minnsta kosti fimm strætóskýli fallið á síðustu dögum. Aaaaa nýja leiðarkerfið. Það á að fara „að efla almenningssamgöngur þannig að þær verði raunhæfur valkostur og fleiri taki strætó“ segir á heimasíðu Strætó bs.

Efla almenningssamgöngur með því að fækka strætóskýlum. Þetta fær mig til að velta fyrir mér hvort ég viti raunverulega hvað orðið almenningssamgöngur þýðir. Getur verið að ég hafi verið að misskilja orðið allan þennan tíma og að það þýði í rauninni að „almenningur eigi að ganga saman“.....nú getum við „gengið saman“ í heljarinnar „samgöngu“ alla leiðina að eina strætóskýlinu sem er eftir í hverfinu okkar. Er verið að efla samhug fólks? Er þetta aðferð til þess að láta fólk kynnast? Hrista saman hópinn? Svona eins og þegar farið er í leiki fyrsta daginn í nýjum skóla? Eflaust á ég eftir að kynnast fleirum þar sem heilt hverfi er saman komið í einu strætóskýli í stað þess að fólkið dreifist á fimm skýli.

Nei, mér finnst þetta skíta aðferð til þess að bæta almenningssamgöngur. Sama er mér þótt strætóarnir komi oftar. Betra þykir mér að það taki mig eina mínútu að ganga út í skýli í stað tíu mínútna og ég geti setið inni í hlýjunni lengur.

Núna á sumrin er auðvelt að segja að maður geti bara hunskast til þess að labba þetta en það er hægara sagt en gert í kulda og strekkingi sem óhjákvæmilega lætur sjá sig í vetur. Hvað með gamla fólkið? Ætli það sé ánægt með að þurfa að ganga lengri leið í hálkunni? Ég efast stórlega um að fleira fólk ákveði að taka strætó eftir þessar furðulegu breytingar sem virðast miðaðar við eitthvað allt annað en þarfir viðskiptavina. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

tmhusgogn.is

TILBOÐS-DAGAR

Húsgögnin á myndinni eru ekki á tilboði, en fást með 10% afslætti af staðgreiðsluverði.

Dæmi um húsgögn á tilboði

	Verð áður	Verð nú
Sarabanda sófasett, leður, 3+1+1	~~238.000~~	169.000
Chesterfield sófi, leður, 3ja sæta	~~142.000~~	85.000
Lind sófi, leður, S946	~~69.000~~	49.000
Borðstofuskápur, beyki, cs/591 (90x166x40)	~~76.000~~	39.000
Skenkur, beyki, cs/592L (130x85x40 cm)	~~62.000~~	34.000
Borðstofuborð, kirsub./gler, cs/416 (85x160(240))	~~97.000~~	64.000

Allar vörur sem ekki eru á tilboði fást með **10% afslætti** af staðgreiðsluverði.

OPIÐ

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00

TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

- ævintýri líkust

Dýrð sé drengjunum

SIGUR RÓS Spennan í salnum var áþreifanleg áður en hljómsveitin steig á stokk í Kaupmannahöfn en rúmlega 1400 manns mættu til að heyra og sjá þessa angurværu drengi.

Sigur Rós hélt tónleika í Kaupmannahöfn. *Kristján Sigurjónsson* var á staðnum og tók púlsinn á hljómsveitarmeðlimum og áhorfendum.

Laugardagskvöld í Kaupmannahöfn og 1450 manns hafa fyllt Store Vega tónleikasalinn. Stutt í að Sigur Rós stigi á svið og spenna í salnum. Fyrstu tónar kvöldsins heyrast og bak við hálf gegnsætt tjald má sjá skugga drengjanna. Langflestir tónleikagesta eru að heyra upphafslagið í fyrsta skipti og eru einbeittir á svip. Vilja meðtaka hvern einasta hljóm. Svona var stemmningin þegar nýtt efni var spilað. Gömlu lögin fengu mun afslappaðri viðtökur enda lét fólk vel í sér heyra á meðan þau voru flutt. Stemmningin var því nokkuð kaflaskipt eins og gera mátti ráð fyrir en samt alltaf góð. Þegar kom að uppklappi var enginn vafi á öðru en að tónleikarnir hefðu verið vel heppnaðir. Fólk stappaði niður fótum af svo miklum krafti að svalirnar nötruðu. Hljómsveitin var líka fljót á svið aftur og tók tvö lög í viðbót og endaði tónleikana eins og þeir byrjuðu, á bak við tjald. Magnaður endir á tveggja tíma löngum tónleikum.

„ Við ætlum að halda risatónleika á Íslandi á næsta ári," sagði Georg Hólm eftir tónleikana. „Og spilum líka heima í ár," bætir hann við. „Ég er mjög ánægður með tónleikana í kvöld og sérstaklega stemmninguna í salnum. Þetta voru sennilega bestu undirtektirnar á tónleikaferðalaginu til þessa. Það skiptir miklu máli fyrir mig að fá viðbrögð úr salnum," sagði Georg. „Stundum veit maður ekkert hvernig til hefur tekist. Heldur kannski að þetta hafi verið hræðilegt en fær svo jákvæð viðbrögð úr salnum og þá líður manni betur." Georg viðurkennir að það sé svolítið sérstakt að spila í Kaupmannahöfn. „Þetta er hálfpartinn eins og að spila heima enda fullt af Íslendingum sem mætir." Georg segist ánægður með lagalistann eins og hann var í kvöld en reiknar með að fleiri nýjum lögum verði bætt við þegar nær dragi útgáfu nýju plötunnar. Tími hafi einfaldlega ekki gefist til að æfa öll nýju lögin áður en lagt var af stað í tónleikaferðalagið. Úr því verði bætt áður en haldið verði til Bandaríkjanna. „Enda er nýja platan geðveik. Ég hef hlustað á hana og er að fíla hana," segir Georg brosandi. **- ks**

HVAÐ FANNST ÞEIM UM *TÓNLEIKANA?*

FILIP NILENIUS
Rosalegir tónleikar. Fannst flott hvernig þeir notuðu tjöldin í byrjun og undir lokin. Er spenntur að heyra nýju plötuna. Nýju lögin sem þeir tóku í kvöld lofa allavega góðu.

THOMAR SKOV
Þetta voru bestu tónleikar sem ég hef farið á lengi. Meiri söngur í nýju lögunum og ég er ánægður með það. Þessi salur passar fullkomlega fyrir Sigur Rósar tónleika.

SUSAN STORM
Mér finnst ég fara inn í annan heim þegar ég er á Sigur Rósar tónleikum. Tónleikarnir í kvöld voru frábærir og greinilegt að fólkið í salnum var að fíla nýja efnið. Virkilega góð stemmning.

FEARGHUS MCCORMAIC OG WARREN FRENCH
Þetta eru þriðju tónleikarnir sem við sjáum með Sigur Rós. Meiri kraftur í þeim í kvöld en í hin skiptin. Nýja efnið virkilega gott. Skiptir engu þó að maður skilji ekki textana. Höfum hvort eð er samið texta sjálfir við lögin og sungum þá bara á tónleikunum. Viss um að svo sé með flesta aðdáendur Sigur Rósar, nema kannski þá íslensku auðvitað.

UPPISTAND Á SÓLON Leikararnir bregða upp spaugilegri mynd af Íslendingum í verki Benónýs Ægissonar á efri hæð Kaffi Sólon í sumar.

Gera grín að Íslendingum

„Þetta er hálfgert uppistand fyrir túrista og fjallar á gamansaman hátt um Ísland og Íslendinga," segir leikkonan Kolbrún Anna Björnsdóttir en í dag verður frumsýnt nýtt leikrit eftir Benóný Ægisson sem nefnist How Do You Like Iceland?

Verkið er flutt á ensku og ekki síður stílað inn á erlenda áhorfendur. „Ég lærði leiklist í Wales og leikstjórinn, Darren Foreman, hringdi í mig og bað mig um að lesa verkið með sér til að athuga hvort ég hentaði í hlutverkið," segir Kolbrún Anna en ásamt því að leikstýra leikur Darren Foreman einnig í verkinu.

„Við hoppum á milli hlutverka og tökum að okkur ýmis gervi," segir Kolbrún sem fer meðal annars í gervi Þjóðverjans Dithmar Blefkin. „Hann kom til landsins árið 1562 og skrifaði ferðabók. Þar auglýsir hann Ísland á sama hátt og Flugleiðir," segir Kolbrún sposk og útskýrir. „Hann lætur í það skína að hér séu íslenskar stelpur í boði fyrir hvern sem er. Það er svolítið skondið að sjá hvernig landkynningin endurtekur sig í gegnum söguna."

Kolbrún segir mikla kaldhæðni að finna í verki Benónýs Ægissonar. „Það er óspart gert grín að íslensku þjóðarsálinni og þessu viðhorfi okkar um að við séum best á öllum sviðum, eigum fallegustu konurnar, sterkustu mennina og séum bæði hamingjusamasta og trúaðasta þjóð í heimi."

Í How Do You Like Iceland?, sem er tæpur klukkutími að lengd, gefst áhorfendum tækifæri á að ferðast um Íslandssöguna og kynnast meðal annars Ingólfi Arnarsyni, Björk og Íslandsvininum John Travolta.

Leikritið verður sýnt á efri hæð Kaffi Sólon á mánudögum og miðvikudögum klukkan 17.00 í sumar. ■

Brad með heilahimnubólgu

Brad Pitt fór á sjúkrahús á dögunum vegna flensueinkenna en nú hefur komið í ljós að um heilahimnubólgu var að ræða. Leikarinn fór af sjúkrahúsinu á miðvikudaginn og þá tilkynnti sjúkrahúsið að hann hafi verið með vægt tilfelli af heilahimnubólgu. Sjúkdómurinn getur verið banvænn og greinilegt er að Brad Pitt hefur sloppið vel enda var hann ekki lengi á sjúkrahúsinu. Talið er að hann hafi smitast af sjúkdómnum í Eþíópíu í síðustu viku þar sem hann var á ferð með Angelinu Jolie sem var að ættleiða stúlkubarn. ■

BRAD PITT Pitt var hress á Live 8 tónleikunum

Tékkneskur gullmoli

Tékkneska byggið er einstakt í Evrópu og oft nefnt tékkneska gullið. Það leggur grunninn að hinu kjarnmikla bragði og gullna lit sem hefur gert Budweiser Budvar að heimsfrægri gæðavöru. Kornið sem fyllir mælinn!

Hinn margverðlaunaði Budweiser Budvar er heimsþekktur fyrir gæði og natni í framleiðslu. Budweiser Budvar er bruggaður í 100 daga. Það er tíu sinnum lengri tími en flestir lagerbjórar!

Budweiser Budvar

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

LÉTTÖL

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000
HUGSAÐU STÓRT

SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS
FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 • Sýnd í lúxus kl. 5.30 og 8

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40
Sýnd í lúxus kl. 10.40 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 3.30 og 5.45

Sýnd kl. 8 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 4

Sýnd kl. 10.20 B.i. 10 ára

Dolby SDDS THX
BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS
FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

Sýnd kl. 6, 8.30 og 11

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 8

Sýnd kl. 10.10 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 5.30 B.i. 10 ára

- bara lúxus
LAUGARÁS BÍÓ
Sími 553 2075

Sýnd kl. 3, 5:30, 8 og 10:20

Sýnd kl. 3, 5 og 6 m/íslensku tali

Sýnd kl. 8 og 10:20.

Sýnd kl. 8 og 10

www.laugarasbio.is

Djasskvartett á Kaffi Kúltúra

Djasskvartettinn Pálsson-Opsvik-Jermyn-Qvick verður með tónleika á Kaffi Kúltúra, Hverfisgötu í kvöld klukkan kl 21.00.

Kvartettinn er skipaður þeim Jóel Pálssyni á saxófón, Simon Jermyn á gítar, Erik Qvick og Eivind Opsvick. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. ■

JÓEL PÁLSSON Saxófónleikarinn leikur á Kaffi Kúltúra í kvöld klukkan 21.00 ásamt þeim Jermyn, Qvick og Opsvick.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
6. sýning 22/7, **7.** sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

Voces Thules í dómkirkjum Íslands

Voces Thules heldur röð tónleika næstu mánuði þar sem þeir flytja Þorlákstíðir en síðastliðin 13 ár hafa þeir unnið að heildarflutningi söngvanna sem koma út á geisladiskum á Þorláksmessu, 23. desember.

VOCES THULES Voces Thules halda tónleika í Skálholtskirkju, Hóladómkirkju, Dómkirkjunni í Reykjavík, Kristskirkju í Landakoti og Hallgrímskirkju á næstu mánuðum þar sem þeir flytja Þorlákstíðir. Fyrstu tónleikarnir verða í Skálholti klukkan 21 í kvöld.

Sönghópurinn Voces Thules hefur yfirreið sína um dómkirkjur landsins sem kallast Yfirreið undir verndarvæng dýrlings með tónleikum í Skálholtsdómkirkju klukkan 21 í kvöld. Voces Thule flytur þar tíðasöngvana Þorlákstíðir, sem heita eftir Þorláki Þórhallssyni sem var biskup í Skálholti á 12. öld og var gerður að dýrlingi innan kaþólsku kirkjunnar árið 1198.

Tíðasöngur er nokkurs konar kyrrðarsöngur. Flutningur tónlistar af þessu tagi er með innilegasta tilbeiðslu-og hugleiðsluformi sem kristin kirkja hefur innan sinna vébanda.

Voces Thules skipa þeir Eggert Pálsson, Einar Jóhannesson, Eiríkur Hreinn Helgason, Guðlaugur Viktorsson, Sigurður Halldórsson og Sverrir Guðjónsson.

Yfirreið Voces Thules nær frá Þorláksmessu á sumri, sem er í dag, fram að Þorláksmessu 23. desember sem er dánardagur Þorláks biskups en þá verða Þorlákstíðir gefnar út á fjórum geisladiskum í sérstökum hátíðabúningi. Á tímabilinu halda Voces Thules tónleika í Skálholti, á Hólum, í Kristskirkju í Landakoti, Dómkirkjunni og í Hallgrímskirkju þar sem tónlistin var tekin upp.

Þorlákstíðablöðin eru á handriti frá því um 1400 og er grunntexti þeirra á latínu. Þau voru varðveitt í Kaupmannahöfn þar til í nóvember 1996, en voru þá send til Íslands og eru nú varðveitt í Árnastofnun í Reykjavík.

Undirbúningur Voces Thules að heildarflutningi Þorlákstíða hófst í lok árs 1993, á 800 ára dánarafmæli Þorláks biskups hins helga og hefur staðið yfir síðan. „Við fluttum allt verkið á 36 klukkustundum í Kristskirkju á Listahátíð í Reykjavík árið 1998. Þar vorum við að fylgja gamalli klausturhefð. Svo fórum við að leita að kirkju með heppilegum hljómburði því okkur fannst við þurfa að vinna þetta betur fyrir hljóðritunina og á endanum varð Hallgrímskirkja fyrir valinu," segir Sverrir Guðjónsson einn af meðlimum Voces Thules og bætir því við að líklega hefðu þeir ekki lagt út í þetta verkefni ef þeir hefðu vitað að það ætti eftir að taka tólf ár.

Í framhaldi af tónleikunum í Skálholti verða Voces Thules með tónleika á Hólahátíð 13. ágúst klukkan 18.00 en dagsetning annarra tónleika verður auglýst síðar. ■

HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI

DARK WATER	KL. 3.45-5.50-8-10.20	B.I. 16
DARK WATER VIP	KL. 8-10.20	
THE PERFECT MAN	KL. 2-4-6-8-10	
MADAGASCAR enskt tal	KL. 2-4-6-8-10	
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 2-4-6	
WAR OF THE WORLDS	KL. 8-10.30	B.I. 14
BATMAN BEGINS	KL. 2-5-8-10.40	B.I. 12
BATMAN BEGINS VIP	KL. 2-5	

KEFLAVÍK

DARK WATER	KL. 8-10.20	
MADAGASKCAR enskt tal	KL. 8	B.I. 14
WAR OF THE WORLDS	KL. 10	B.I. 12

AKUREYRI

DARK WATER	KL. 8-10
THE PERFECT MAN	KL. 6-8
MADAGASKCAR ísl. tal	KL. 6
MADAGASKCAR enskt tal	KL. 10

KRINGLAN

THE PERFECT MAN	KL. 2.30-4.30-6.30-8.30-10.30
MADAGASCAR	KL. 2.30-4.30-6.30
ELVIS HAS LEFT THE BUILDING	KL. 4.30-8.30-10.30
WHO´S YOUR DADDY	KL. 6.30-8.30-10.30
SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal	KL. 2.30

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

DARK WATER	KL. 5.50-8-10.15	B.I. 16 ára
MADAGASCAR enskt tal	KL. 6-8-10	
ELVIS HAS LEFT THE BUILDING	KL. 8-10	
BATMAN BEGINS	KL. 6-8.30	B.I. 12 ára
VOKSNE MENNESKER	KL. 5.45	

Háskólabíó

STAFRÆNN HÁKON Samúel White og Ólafur Jósepsson eru meðal hljómsveitarmeðlima.

Stemming á Gauknum

„Ég fékk þá hugmynd að þær íslensku hljómsveitir sem útgáfufyrirtækið mitt gefur út á Bretlandi kæmu saman á Gauknum til að Íslendingar fái að kynnast okkur líka," segir tónlistarmaðurinn Stafrænn Hákon (Ólafur Jósepsson) en hann kemur fram á Gauknum í kvöld ásamt hljómsveitunum SK/UM, Plat, Blindfold og Ölvis.

Það er breska útgáfufyrirtækið Resonant sem hefur haft veg og vanda að útgáfu íslensku tónlistarinnar. „Þetta er óháð útgáfufyrirtæki sem gefur út grasrótartónlist ef svo má að orði komast. Resonant er vel tengt inn í stóru fyrirtækin, meðal annars Southern Records, þannig að útgáfan fær mjög góða dreifingu og ratar í réttar hillur víðs vegar um heim."

Áhugi Resonant á Íslandi kviknaði eftir að þeir hlýddu á Múm. Í kjölfarið hafa þeir síðan árið 2000 gefið út efni með fimm íslenskum böndum. Stafrænn Hákon kynntist fyrirtækinu þó ekki í gegnum Ísland. „Ég komst í kynni við þá þegar ég bjó í Skotlandi og frétti ekki af þeim í gegnum Íslending heldur Lithóa. Ég sendi þeim tvo diska sem þeir vildu endurútgefa og svo fengu þeir mig til að semja nýja plötu." Sú plata Ventill/Poki er uppseld enda var hljómsveitinni afar vel tekið á tónleikaferðalagi um Bretlandseyjar.

Tónleikarnir á Gauknum í kvöld gætu enn fremur greitt fyrir útgáfu íslenskrar tónlistar. „Það er mikil gróska í tónlistarlífinu hér heima og áhugavert fyrir tónlistarmenn sem eru að hefja feril sinn að vita af útgáfufyrirtæki í Bretlandi sem hefur verið hliðhollt þeirri íslensku tónlist sem fellur að þeirra smekk."

Tónleikarnir á Gauknum hefjast klukkan níu í kvöld og miðaverð er 500 krónur. ■

Ekkert toppar Stjörnustríð

Aðsókn í íslensk kvikmyndahús hefur verið með besta móti í sumar og það þunglyndi sem hefur einkennt miðasöluna í Bandaríkjunum er víðs fjarri Íslandsströndum. Stjörnustríðsmyndin Revenge of the Sith fór sérstaklega vel af stað og skilaði tæpum 12 milljónum króna í miðasölunni fyrstu fimm sýningardagana og það sem gerir þessa byrjun svo enn glæsilegri er sú staðreynd að hún var frumsýnd á Eurovison-helginni þegar fólk er með hugann við flest annað en bíó.

Í Fréttablaðinu í gær var rangt farið með miðasölutölfræðina og Madagaskar var sögð hafa dregið flesta í bíó fyrst fimm sýningardagana. Hún gerði það vissulega gott í síðustu viku og seldi bíómiða fyrir 10.419.250 krónur fyrstu fimm dagana sem er öllu minna en Spielberg-myndin War of the Worlds sem skilaði 10.986.550 krónum fyrstu fimm sýningardagana. Þannig að það sem af er sumri stendur opnunarmet Star Wars óhaggað og War of the Worlds fylgir í kjölfarið. ■

STJÖRNUSTRÍÐ Þrátt fyrir glæsilegt úrval stórmynda í sumar ógnar enn enginn veldi Star Wars sem var frumsýnd með miklum látum í maí.

Glæsilegt framtak!

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

Annie
Sýnt í Austurbæ

Höfundar: Thomas Meehan, Charles Strouse og Martin Charnin **Íslensk þýðing:** Gísli Rúnar Jónsson **Leikstjóri:** Viðar Eggertsson **Leikmynd:** Þorvaldur Böðvar Jónsson **Lýsing:** Hörður Ágústsson **Tónlistarstjórn:** Óskar Einarsson **Söngstjórn:** Sverrir Guðjónsson **Búningar:** Elín Edda Árnadóttir **Dansar:** Ástrós Gunnarsdóttir **Leikstjóri:** Viðar Eggertsson **Framkvæmdastjóri:** Rakel Kristinsdóttir **Leikarar:** Solveig Óskarsdóttir (Annie) Brynja Valdís Gísladóttir, Gísli Örn Hinriksson, Bryndís Petra Bragadóttir, Erlendur Eiríksson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Ingibjörg Stefánsdóttir, Höskuldur Sæmundsson, Bjartmar Þórðarson, Bjarni (töframaður) Baldvinsson og m. fleiri.

Niðurstaða: Húmor, töfrar, söngur, dans, gleði og sorgir og meira að segja hundur á sviðinu í Austurbæ. Fjölskylduskemmtun af bestu gerð.

SÖNGLEIKURINN ANNIE Valgeir Skagfjörð fer fögrum orðum um sýninguna Annie og segir alla leikarana leggjast á eitt að gera sitt besta.

Mikill metnaður

Það hefur færst í vöxt á undanförnum árum að leiksýningar séu settar upp fyrir einstaklingsframtak, þ.e. án þess að opinberir styrkir séu veittir til að standa straum af hluta framleiðslukostnaðar. Hann er auðvitað misjafn eftir umfangi hverrar sýningar, en það er vitað að það kostar mikið fé að færa upp mannmargar og metnaðarfullar sýningar og oft vonlítið að fá inn fyrir framleiðslukostnaði með miðasölu einni saman.

Hér er ekki tjaldað til einnar nætur og mikill metnaður af hálfu aðstandenda lagður í stórt sem smátt. Gamla Austurbæjarbíó sem togast hefur verið á um hvort eigi að hafa hlutverk við hæfi í íslensku menningarlífi eða verða jafnað við jörðu hefur hýst margar leiksýningar í gegnum tíðina og ég fékk ekki betur séð á frumsýningu á Annie en að húsið hentaði þeirri sýningu prýðilega.

Fagmennskan í fyrirrúmi

Annie er dæmigerður Broadwaysöngleikur sem hefur auk þess verið kvikmyndaður og eftir því sem mér skilst þá er það fyrir framtak ungrar konu að þessi sýning er nú á fjölunum í Reykjavík. Hún ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og hefur erindi sem erfiði. Það er fagmannlega staðið að öllum þáttum sýningarinnar og allt yfirbragð hennar ber vott um fágun og smekkvísi. Gamla góða sveiflan í fullum gangi og andi fjórða áratugarins fangaður í búningum, leikmynd og ekki síst tónlistinni sem svífur yfir vötnum í hreint frábærri stjórn Óskars Einarssonar. Hvergi feilnóta slegin og hljóðstjórnin hreint til fyrirmyndar. Söguþráðurinn auðvitað margþvældur upp á amerískan máta og eins konar stúlknatilbrigði við Oliver Twist og einmitt vísað beint í Dickens í texta verksins. En það er önnur saga.

Texti Gísla Rúnars rennur vel hvort sem um er að ræða laust eða bundið mál og greinilegt að mikil áhersla verið lögð á að leikararnir skiluðu vel frá sér söngtextanum. Mér til óblandinnar ánægju þá skildi ég hvert einasta orð og það er ekki síst því að þakka hve haganlega er ort. Þótt textarnir séu einfaldir í sniðum þá er merking hans skýr og hnitmiðuð. Mikil alúð hefur verið lögð í raddþjálfun leikara og hinna ungu stúlkna sem standa á sviðinu. Það var góður samhljómur í söng og framsögn hinna yngri yfirleitt skýr og áferðarfalleg.

Leikstjóri og leikarar gera vel

Allur stúlknahópurinn stóð sig með afbrigðum vel. Ólíkar innbyrðis en allar geislaðu þær af leikgleði sem skilaði sér beint inn í hjörtu áhorfenda. Leikstíllinn tvískiptur þar sem heimurinn er svartur og hvítur. Fyrirfólkið fínt og strokið leikið á yfirveguðum nótum en hyskið allt ýkt í botn og leikararnir fengu leyfi til að sprella að hjartans lyst. Þetta gengur fullkomlega upp í svona söngleik og uppskeran verður eins og sáð var til. Það voru svo margir á sviðinu að það væri til að æra óstöðugan að tíunda frammistöðu hvers og eins. Allir leggjast á eitt um að gera sitt besta. Krafturinn er góður í sýningunni, sviðshreyfingar glæsilegar og söngurinn almennt eins og efni standa til. Leikstjórinn hefur unnið vinnuna sína vel enda orðinn sjóaður á löngum ferli í íslensku leikhúsi.

Solveig Óskarsdóttir sem lék Annie á frumsýningunni var alveg hreint yndisleg í hlutverkinu og söng þar að auki af mikilli tilfinningu. Mótleikarar hennar voru gjöfulir á sviðinu og allt hjálpaðist að við að gera Annie litlu að skemmtilegri, sætri og tápmikilli munaðarlausri stúlku sem á sér þá ósk heitasta að hitta foreldra sína.

Brynja Valdís Gísladóttir leikur Frú Karítas, drykkfellda gæs sem stjórnar munaðarleysingjahælinu af mikilli hörku og ferst það vel úr hendi. Hún gaf sig alla í hlutverkið og leysti söngnúmerin af hendi með sóma. Þetta er auðvitað óskahlutverk fyrir góða leikkonu og Brynju fataðist hvergi. Hinn hlutinn af hyskinu, bróðir hennar og kærastan hans leikin af Guðmundi Inga og Ingibjörgu Stefáns voru kostulegt par og söngnúmerið þeirra þriggja eitt af þeim betri í sýningunni. Þau virkilega nutu þess að vera illa innrætt með ljót áform á prjónunum.

Gísli Pétur Hinriksson lék Ólíver Daniel, forríkan kaupsýslumann í New York sem túlkaður var af þekktum breskum leikara í hinni frægu kvikmynd og mörgum er í fersku minni. Til að byrja með þótti mér Gísli Pétur full ungur til að passa í hlutverkið en eftir því sem leið á var ég farinn að venjast þeirri hugmynd að þarna væri miðaldra maður á ferð. Auk þess hefur Gísli Pétur alveg ágæta söngrödd. Prýðileg vinna hjá þessum unga leikara.

Bryndís Petra hefur verið að fóta sig á leiksviðinu aftur eftir nokkra fjarveru og skilaði Gógó einkaritara með fallegum og háttvísum leik. Fyrir vikið verkaði hún trúverðug og stóð sig ekki síður í söng og dansi. Smáhlutverkin voru einkar snyrtilega unnin og virkuðu eins eðalkrydd fyrir forfallna sælkera í sýninguna. Húmor, töfrar, söngur, dans, gleði og sorgir og meira að segja hundur á sviðinu í Austurbæ. Fjölskylduskemmtun af bestu gerð. ■

dagskrá

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I got a TV set, I got a hi-fi, you can take it all. Do it.“

Svar:
Babe úr kvikmyndinni Marathon Man frá árinu 1976.

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ SIÐLEYSIÐ HOLDI KLÆTT

Hulunni svipt af heimi dólga

„Þú skalt ekki drýgja hór,“ segir í sjötta boðorði Biblíunnar. Hvort bandarísku dólgarnir í myndinni American Pimp hafi einhvern tímann lesið þá bók eða önnur trúarrit hef ég ekki hugmynd um. Leyfi mér hins vegar að efast um það. American Pimp er heimildarmynd eftir Hughes-bræður, þá sömu og gerðu Menace II Society og Dead Presidents. Hún var á dagskrá Stöðvar 2 á mánudagskvöld. Myndin lýsir viðhorfi melludólga til lífsins og kvennanna sem þeir gera út. Selja með öðrum orðum. Þetta er gömul mynd, gerð fyrir sex árum en á enn í dag erindi til okkar. Sérstaklega í ljósi þeirra frétta um að skipulagt vændi sé rekið hér á landi.

Þeir voru aumkunarverðir, þessir „hungruðu varúlfar“, eins og einn þeirra lýsti sér. Sögðust fara um fátækraskýlin og heimili fyrir þá sem höfðu hvergi stað til þess að halla höfði. Fundu hentug fórnarlömb. Klæddu þær í mínípils og settu út á göturnar. Hirtu síðan allan peninginn af þeim og sáu þeim í staðinn fyrir fæðu og uppihaldi.

„Ég beiti aldrei hörku að óþörfu,“ sagði einn þeirra en var þó fljótur að bæta við að ef „tíkin“ færði sig upp á skaftið væri hann fljótur að láta hana finna fyrir sér. Virðingarleysið fyrir konunni var algjört. Um hana var rætt eins og dýr. Vinnuþræl sem var látin arka um strætin og þefa uppi menn sem vildu borga fyrir kynlíf.

„Við sendum eina í steininn og aðra á geðsjúkrahúsið,“ sagði Filmore Slim, sem var búinn að vera melludólgur í sjötíu ár. Þeir sem höfðu snúið baki við dólgslíferninu höfðu gifst einum af þræl sínum en sögðust öfunda þá sem ætluðu að reyna fyrir sér í þessum iðnaði. Þar með hafði ég séð siðleysið holdi klætt.

BISHOP MAGIC JUAN Einn af dólgunum sem koma fyrir í heimildarmyndinni American Pimp.



▶ **21.25** *Fræðsla*

BODY HITS

▶ **20.00** *Lífsstíll*

WIFE SWAP

▶ **21.45** *Kvikmyndir*

SJÁÐU

▶ **20.00** *Gaman*

MY BIG FAT GREEK LIFE

▶ **17.20** *Íþróttir*

BARCELONA – MAN. UTD. 1991

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (3:11) **18.24** Sígildar teiknimyndir (2:38)

18.32 **Líló og Stitch (2:19)** (Lilo & Stitch)
18.54 **Víkingalottó**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljósið**
20.10 **Ed (77:83)**
20.55 **Fótboltaæði (4:6)** (FIFA Fever 100 Celebration) Hvert er besta einleiksmark allra tíma og hver eru óvæntustu úrslit keppninnar?
▶ **21.25** **Búksorgir (6:6)** (Body Hits) Í þessum síðasta þætti syrpunnar er fjallað um krabbamein.
22.00 **Tíufréttir**
22.20 **Formúlukvöld**
22.40 **Bikarkvöld**
22.55 **Í hár saman (5:7)** (Cutting It) e.

23.50 Eldlínan (3:13) **0.35** Kastljósið **1.05** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.20** Að hætti Sigga Hall **13.50** Jamie Oliver **14.15** Extreme Makeover – Home Editi **15.00** Amazing Race 6 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Ísland í dag**
19.35 **Simpsons**
▶ **20.00** **Wife Swap (3:7)** Í þessum myndaflokki er fylgst með konum sem stíga skrefið til fulls og skiptast á eiginmönnum og börnum í tiltekinn tíma.
20.45 **Kevin Hill (16:22)**
21.25 **Strong Medicine 3 (12:22)** Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
22.10 **Oprah Winfrey** (Memoirs Of An Unfit Mother)
22.55 **Nighty Night (6:6)** Myndaflokkur þar sem svartur húmor er allsráðandi. Aðalsöguhetjan er Jill Farrell sem rekur snyrtistofu í úthverfi.

23.25 Kóngur um stund (9:18) **23.50** Playing Mona Lisa **1.25** Mile High (Bönnuð börnum) **2.10** Medical Investigations (14:20) **2.55** Bojangles **4.35** Fréttir og Ísland í dag **5.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Tru Calling (3:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi.
19.50 **Mótorcross (1:50)** Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport.
20.00 **Seinfeld 2 (13:13)**
20.30 **Friends (18:24)**
21.00 **Rescue Me (4:13)** Þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York.
▶ **21.45** **Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
22.00 **Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.
22.45 **David Letterman** Það er bara einn David Letterman.

23.30 Joan Of Arcadia (3:23) **0.15** Friends (18:24) **0.40** Kvöldþátturinn **1.25** Seinfeld 2 (13:13)

SKJÁREINN

17.55 Cheers – 4. þáttaröð **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

19.15 **Þak yfir höfuðið (e)**
19.30 **Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**
▶ **20.00** **My Big Fat Greek Life** Grínþættir sem byggðir eru á hinni geysivinsælu kvikmynd „My Big Fat Greek Wedding“.
20.25 **Coupling** Ástir vinahópa geta verið óskiljanlegar þeim sem utan hópsins standa – og ástir aðalsöguhetjanna í Coupling eru einmitt þeirrar gerðar.
20.50 **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
21.00 **Providence** Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu.
22.00 **Law & Order** Rannsókn á morði kemur upp um vísvitandi gallaða málsmeðferð.
22.45 **Jay Leno**

23.30 CSI: Miami (e) **0.15** Cheers – 4. þáttaröð (e) **0.40** NÁTTHRAFNAR **0.40** Boston Public **1.20** Hack **2.05** Óstöðvandi tónlist

SÝN

16.50 World's Strongest Man 2004 ▶ **17.20** Meistaradeildin – Gullleik

19.00 **UEFA Champions League** (FH – Neftchi) Bein útsending frá síðari leik FH og Neftchi Baku í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Gestaliðið er frá Aserbaídsjan sem situr í 116. sæti styrleikalista FIFA.
21.20 **Beyond the Glory** (Reggie White) Reggie White var einn litríkasti leikmaðurinn í NFL-deildinni. Hann lék um árabil með Philadelphiu Eagles en gekk í raðir Green Bay Packers 1993. Hann var í sigurliði með Packers í Super Bowl en lagði skóna á hilluna 1998. White sneri aftur tveimur árum síðar og lék stuttan tíma með Carolina Panthersen, náði sér ekki á strik og hætti þá endanlega. Hann lést 2004 aðeins 43 ára.
22.00 **Stjörnukylfingur Íslands**
22.25 **UEFA Champions League** Útsending frá síðari leik FH og Neftchi.

0.15 Bandaríska mótaröðin í golfi **1.10** Heimsbikarinn í torfæru

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Pandaemonium **8.00** Like Mike **10.00** Three Seasons **12.00** Uncle Buck **14.00** Pandaemonium **16.00** Like Mike **18.00** Three Seasons **20.00** Uncle Buck **22.00** Duplex **0.00** Ocean's Eleven (Bönnuð börnum) **2.00** Lucky Numbers (Bönnuð börnum) **4.00** Duplex

OMEGA

7.00 Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** Gastineau Girls **13.30** Love is in the Heir **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **15.30** My Crazy Life **16.00** E! Entertainment Specials **17.00** Gastineau Girls **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** My Crazy Life **19.00** Uncut **20.00** Dr. 90210 **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **22.30** My Crazy Life **23.00** E! News **23.30** My Crazy Life **0.00** Wild On **1.00** The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

7.15 Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó – Bone Daddy**23.15** Korter

POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Coupling — Skjár einn **kl. 20.25**

Flókin samskipti kynjanna

Hér er á ferð bandarísk endurgerð af vinsælum breskum þáttum sem fjallar um sex manna vinahóp þar sem ástin og kynlíf eru aðalumræðuefnið oftar en ekki.
Steve og Jane eru par, en Steve er eitthvað að spá í Susan sem hann kynntist í gegnum Jeff sem Susan fór að vera með eftir að hún hryggbraut Patrick sem gerði þá hosur sínar grænar fyrir bestu vinkonu hennar, Sally. Frekar flókið eins og gengur og gerist í samskiptum kynjanna.

Ein af aðalleikonunum, Lindsay Price, syngur titillag þáttanna.

Persónurnar í Coupling.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason.

15.03 Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamálaleikrit, Næturgesturinn **14.03** Útvarpssagan: Stjórnlaus lukka **14.30** Miðdegistónar **15.03** Draumastaðir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.25 Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Sælueyjarnar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime

23.00 Söngvar borgarstrætanna: New York

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.30** Fótboltarásin ásamt Ragnari Páli Ólafssyni **22.10** Popp og ról

1.10 Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Football: Goooooal ! **12.15** Cycling: Tour de France **16.00** Football: UEFA European Under-19 Championship Northern Ireland **18.00** Equestrianism: Samsung Nations Cup Falsterbo Sweden **19.00** Golf: U.S. P.G.A. Tour Bc Open **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Sailing: Orma Grand Prix de Marseille **22.30** News: Business Class **22.45** All sports: WATTS **23.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.00 Hetty Wainthropp Investigates **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Monty the Dog **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** Serious Jungle **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Perfect Holiday **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** Home From Home **19.00** Escape to the Country **20.00** Earth Ride **21.00** Spooks **21.50** Jonathan Creek **22.40** Table 12 **22.50** Black Cab **23.00** Walk On By: the Story of Popular Song **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** The English Language

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Killer Leopards **13.00** Paranormal?: Ghosts **14.00** Asteroid: the Doomsday Rock **15.00** Hunt for the Death Star **16.00** Battlefront: Gilbert Islands **16.30** Battlefront: Monte Cassino **17.00** Animal Nightmares: Insects **17.30** Monkey Business **18.00** Penguin Death Zone *living Wild* *premiere* **19.00** Paranormal?: Ghosts **20.00** Unlocking da Vinci's Code **22.00** Paranormal?: Crop Circles **23.00** Unlocking da Vinci's Code

ANIMAL PLANET
12.00 Weird Nature **12.30** Nightmares of Nature **13.00** Pet Star **14.00** Miami Animal Police **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Animal Minds **19.00** Tusks and Tattoos **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Tusks and Tattoos **1.00** Animal Minds

DISCOVERY
12.00 Super Structures **13.00** Ultimates **14.00** Junkyard Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Extreme Machines **17.00** Science of Lance Armstrong **18.00** Myth Busters **19.00** Industrial Revelations **20.00** Nazi Grand Prix **21.00** Hitler's Doctors **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** War of the Century

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Dirty Sanchez **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

VH1
15.00 So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Fabulous Life Of... **20.00** The Fabulous Top 40 Must Haves **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

CLUB
12.10 Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Hollywood Star Treatment **14.25** Cheaters **15.10** Other People's Houses **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Fantasy Open House **18.05** Awesome Interiors **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.30** What Men Want **23.00** Insights **23.30** Weekend Warriors **23.55** Awesome Interiors **0.20** Retail Therapy **0.45** The Stylists **1.10** Crimes of Fashion

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.10 Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
12.00 Hornet's Nest **13.50** In the Arms of a Killer **15.25** Intimate Strangers **17.00** Jessica **18.45** Broken Angel **20.20** Jinxed! **22.00** Killer Klowns from Outer Space **23.25** Taking of Beverly Hills **1.00** Eve of Destruction **2.40** The Devil's Brigade

TCM
19.00 Point Blank **20.30** Victor/Victoria **22.40** The Fixer **0.50** Murder, She Said **2.15** The Biggest Bundle of Them All

HALLMARK
13.15 Best of Friends **14.15** Escape from Wildcat Canyon **16.00** Touched By An Angel III **16.45** Love's Enduring Promise **18.15** Summer's End **20.00** Law & Order VIII **20.45** Escape From Colditz **22.30** MacShayne: Final Roll of the Dice **0.00** Law & Order VIII **0.45** Dynasty: Behind The Scenes **2.15** Escape From Colditz

BBC FOOD
12.00 Kitchen Takeover **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Neil Perry Fresh and Fast **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Tales from River Cottage **17.00** Sophie Grigson's Herbs **17.30** Floyd's Fjord Fiesta **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** The Cookworks **21.30** Ready Steady Cook

DR1
12.20 Fra Kap til Kilimanjaro **12.50** Sommertid **13.20** En dag i haven **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** René 7 år, Thyborøn **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.35** Hunde på job **18.00** Te og Tantra-sex i Tisvilde **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** AftenTour 2005 **20.15** Født på bordel **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Sorte penge – hvide løgne **22.45** Brumbassen

SV1
12.35 Kort möte **14.00** Rapport **14.05** På fisketur med Lars & Bård **14.35** Klassiska motorcyklar **15.00** Så såg vi sommaren då **15.15** Rent hus **15.45** Rederiet **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** I huvudet på ungar **17.00** Expedition vildmark **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning – vad hände sen? **19.00** Panic **20.25** The cost of living **21.00** Rapport **21.10** Simning: VM Montreal **22.15** En röst i natten **23.00** Sändning från SVT24

HRÓSIÐ

...fær Sveinborg Hauksdóttir fyrir að fæða þríbura, tvær stúlkur og einn dreng, á aðeins fimmtán mínútum.

ÞRÍR SPURÐIR

ER SKIPULAGT VÆNDI Á ÍSLANDI?

GÍSLI HRAFN ATLASON MANNFRÆÐINGUR.

ÓLJÓST HVERSU UMFANGSMIKIÐ

Já, það er vændi á Íslandi. Hversu skipulagt það er veit ég ekki. Það voru teknar stikkprufur á nektarstöðunum þegar þeir voru og hétu og þá var nánast hægt að fá hvað sem er hvenær sem er. Þess utan eru greinilega vændisauglýsingar á hinum ýmsu netmiðlum. Svo það er augljóslega vændi til staðar á Íslandi og virðist vera kúnnahópur hér fyrir þetta. Hins vegar er óljóst hversu umfangsmikið vændið er.

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON, ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR.

VERÐUM AÐ UPPRÆTA VÆNDI

Já, maður óttast það að skipulagt vændi sé til staðar á Íslandi. En við verðum að nota öll tiltæk ráð til að uppræta vændi og meðal annars að breyta lögunum í þá átt að kaupendur vændis verði gerðir refsiábyrgir. Að sama skapi tel ég mikilvægt að seljandi vændis sé ekki gerður refsiverður því vanda hans ber að leysa með félagslegum úrræðum en ekki refsiréttarlegum úrræðum.

MAGNI ÁSGEIRSSON TÓNLISTARMAÐUR.

ALLT ANNAÐ ER TIL

Já, stórt er spurt. Ekki svo ég viti til en þar sem allt annað er til á Íslandi þá er skipulagt vændi pottþétt líka til staðar. Það er ýmislegt varðandi íslenskt réttarkerfi sem þarf að athuga og þetta er einn dropi í það risastóra haf. Yfirleitt er það nú seljandinn sem er fórnarlambið þegar kemur að vændi en svo er ekki í öllum tilfellum. Ég held alveg örugglega að það sé vændi á Íslandi og að mínu mati ætti kaupandinn að vera refsiverður en ekki seljandinn.

1	2	3		4	5
6			■	7	
8		■	9		
	■	10			■
■	11	■	12		13
14			■	15	
16		■	17		
18				■	

Lárétt: **1** mótar, **6** ónn, **7** fersk, **8** fimmtíu og einn, **9** austur-þýskaland (sk.st.)**10** borsveif, **12** nár, **14** sleip, **15** endalok í boxi, **16** bogi, **17** bein, **18** trjónu.
Lóðrétt: **1** gjóta, **2** forfaðir, **3** ónefndur, **4** andagift, **5** vesæll, **9** fara sér ekki óðslega, **11** alda, **13** hreysi, **14** kátur, **17** sólguð.

Lausn.
Lárétt: **1** hannar, **6** ofn, **7** ný, **8** ll, **9** ddr, **10** dór, **12** lík, **14** háll, **15** ko, **16** ýr, **17** rif, **18** rana.
Lóðrétt: **1** hola, **2** afi, **3** nn, **4** andrúki, **5** rýr, **9** dól, **11** bára, **13** kofi, **14** hýr, **17** ra.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

!
Talstöðin
FM 90,9

ÍSLENSKI PIPARSVEINNINN: MARGIR VILJA VERA MEÐ

Leitin að tengdasyni Íslands hafin

Í haust mun íslenska útgáfan af Piparsveininum hefja göngur sínar. Það er Skjár einn sem hefur keypt hugmyndina af þættinum frá Bandaríkjunum en Saga Film mun framleiða þá fyrir stöðina. Bandaríska útgáfan af Bachelor hefur verið feikilega vinsæl hjá áhorfendum stöðvarinnar. Magnús Ragnarsson segir að þeir geri miklar væntingar til þáttarins. „Þetta verður stjarnan á dagskránni hjá okkur," segir hann, fullur bjartsýni.

Jón Ingi Hákonarson verður umsjónarmaður þáttarins og mun kynna þátttakendur þegar á hólminn er komið en Maríanna Friðjónsdóttir sér um framleiðslu þáttanna hjá Saga Film. Hún segir að viðtökurnar hafi verið góðar. „Þetta gengur ljómandi vel og við erum að vinna úr umsóknum." Hún segir að stúlkurnar sem sótt hafi um séu flestar vænlegar. „Þetta eru góðir kvenkostir. Gullfallegar, að innan jafnt sem utan," bætir hún við.

Að sögn Maríönnu verða þættirnir ekki niðursoðinn bandarískur raunveruleiki heldur verður hann sniðinn að íslensku umhverfi. „Íslenska eðlið er öðruvísi en það bandaríska og við munum ekki keyra eins mikið á dramatíkinni eins og í fyrirmyndinni," segir hún en bætir við að dramatíkin verði óhjákvæmilega aldrei langt undan. Þá er hvergi gerð krafa um að þau tvö sem eftir standa gangi í það heilaga. „Keppendur eiga að hafa gaman af þessu," segir Maríanna.

Leitin að hugsanlegum tengdasyni Íslands er einnig í fullum gangi þó að færri drengir hafi sótt um. „Við fylgjum eftir ákveðnum hagtölum. Karlmenn um þrítugt eru að leita sér að kvonfangi en konur í kringum 26 ára eru að leita sér að mannsefni," segir hún. Þær kröfur eru gerðar til karlmanna að þeir séu með hreint sakarvottorð, hreina samvisku, hafi heilbrigð áhugamál og jákvæð lífsviðhorf. „ Við erum að leita að manni sem íslenskar konur gætu hugsað sér sem eiginmann eða tengdason."

JÓN INGI HÁKONARSON Þessi geðþekki leikari mun leiða íslenska áhorfendur í gegnum leitina að tengdasyni Íslands.

Ekkert verður til sparað svo að upplifunin verði sem allra mest og best. Farið verður með keppendur á staði sem þeim hefur aldrei dottið í hug að þeir myndu fara á og einhverjir verða svo lánsamir að fara til útlanda. Hvað verðlaunin varðar segir Maríanna að enn sé verið að vinna í þeim. „Stærstu verðlaunin verða auðvitað upplifunin af því að taka þátt í svona þætti."

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frétt Blaðsins frá því í gær þess efnis að hugmyndin að grínnslögum Bananaz stelpnanna, **Írisar Daggar Pétursdóttur** og **Lilju Katrínar Gunnarsdóttur**, væri stolin af Skjá einum kom flatt upp á þær stöllur sem skemmta áhorfendum sjónvarpsstöðvarinnar Sirkus í Kvöldþætti **Guðmundar Steingrímssonar**. Samkvæmt frétt Blaðsins höfðu **Rósa Guðmundsdóttir** og **Þórdís Filipsdóttir** komið að máli við **Helga Hermannsson**, þáverandi dagskrárstjóra Skjás eins, og kynnt fyrir honum hugmyndir

að stuttum grínnslögum sem Hermann á svo að hafa tekið með sér þegar hann hóf störf hjá 365 sem gefur meðal annars út Fréttablaðið og rekur Sirkus. Hinar einu og sönnu Bananz, Íris og Lilja, standa hins vegar harðar á því að hugmyndin

að innslögunum sé þeirra og í raun voru þær löngu byrjaðar að fikta við dagskrárgerð af þessu tagi áður en Sirkus kom til sögunnar. Þessar ávirðingar um hugmyndaþjófnað séu því rakalausar og eigi sér enga stoð í raunveruleikanum.

Stelpurnar hafa þar fyrir utan aldrei hitt Helga Hermannsson að máli og leituðu beint til Guðmundar Steingrímssonar og sýndu honum drög að innslögum sínum en Guðmundur ritstýrir Kvöldþættinum auk þess sem hann er í eldlínunni í útsendingunni. Blaðið hefur tekið tilraunum Írisar og Lilju til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri fálega en svo undarlega vill til að einn reynslumesti blaðamaður Blaðsins, **Andrés Magnússon**, skrifaði bananafréttina sem þykir svona kengbogin. Andrés sem ætti að vera hokinn af reynslu í fjölmiðlum virðist því ekki síst kunna ýmislegt fyrir sér í svokallaðri „kranablaðamennsku" sem gengur út á það skrúfa frá einum heimildarmanni í frétt en virða önnur sjónarmið að vettugi.

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000.-**
2ja ára verksmiðjuábyrgð
X4 ehf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

Mætir Auddi Eastwood?

Mörg hundruð manns hafa nú farið í leikprufu hér á landi til að freista gæfunnar fyrir aukahlutverk í næstu kvikmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, en myndin verður að hluta til tekin upp hér á landi.

Að sögn Alexíu Bjargar Jóhannesdóttur, ráðningastjóra hjá Casting, eru prufurnar enn í fullum gangi en auk stadista er verið að leita eftir leikurum í þrettán textahlutverk.

Fjörutíu manna hópur íslenskra karlmanna berst nú um hlutverkin þrettán en Alexía og ráðningastjórinn Phyllis Huffman vinna nú að því að þrengja hópinn enn frekar. Phyllis Huffer hefur verið hægri hönd Eastwoods þegar kemur að hlutverkavali í kvikmyndum hans og var hún meðal annars ráðningastjóri fyrir Óskarsverðlaunamyndina Million Dollar Baby.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu að sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal hefði tekið þátt í leikprufunum. Félagar hans, þeir Sveppi og Pétur, hrekktu drenginn og sáu til þess að hann var látinn leika hermann í dauðateygjunum. Hrekkurinn virðist þó ekki hafa skemmt fyrir Audda, að minnsta kosti ekki enn sem komið er, því hann er einn af þeim fjörutíu sem koma sterklega til greina í hlutverk í kvikmyndinni.

Í næstu viku kemur í ljós hverjir hinna fjörutíu komast áfram en sá hópur kemur til með að hitta leikstjórann í eigin persónu. Mun þá Eastwood sjálfur skera úr um hvaða íslensku karlmenn fá hlutverk í myndinni. ■

MYND/©REUTERS

CLINT EASTWOOD Þrettán íslenskir karlmenn eiga möguleika á að fara með textahlutverk í Flags of Our Fathers.

KOMIN Í BÍÓ!

SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS.
FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

NÚ ERU ÞAÐ FANGARNIR GEGN VÖRÐUNUM

ADAM SANDLER CHRIS ROCK

SMÁRA BÍÓ · REGNBOGINN · LAUGARÁS BÍÓ · Borgarbíó · sena

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

BAKÞANKAR

SIGMUNDAR ERNIS RÚNARSSONAR

Sumar

Sumarið á Íslandi er 184 dagar. Sem leiðir hugann að því að Íslendingum tekst einhvern veginn að ýkja allt. Þeir halda því með öðrum orðum fram að meginhluti ársins hafi eitthvað með hlýindi að gera, en minnihlutinn, þessi 181 dagur sem stendur út af, eigi að heita vetur. Hver fann eiginlega upp á þessari skiptingu? Hvaða bjartsýnismanni tókst að koma því til leiðar að sumarið á Íslandi væri lengra en veturinn?

LÍKLEGA ER ÞAÐ SVO að engin önnur þjóð hefur búið sér til hátíðisdag til þess eins að fagna sumri. Og þrammar svo niður breiðgötur sínar með lúðrablæstri og blöðrum þegar allra veðra er von; einhvern tíma í apríl þegar fólk er annað hvort á skíðum eða í fermingarveislum. Samt skal sumarið vera komið, kannski svolítið svalt og snjóþungt, en sumar samt. Og það sem er náttúrlega meira; svo lýkur þessum hlýindakafla ekki fyrr en seint í október. Ekki í september, nei – í október.

AUÐVITAÐ VITA ÞAÐ ALLIR eyjaskeggjar á þessari túndru sem sogar að sér helstu lægðakerfi við norðanvert Atlantshafið að íslenskt sumar er ekki einhverjir 184 dagar. Varla að það sé teljandi í mánuðum; miklu fremur nokkrum vikum. Jafnvel bara degi og degi. Stundum bara dagsparti. Þannig fór vinur minn í svokallað sumarfrí á dögunum og eltist við þetta bláa gat sem stundum er á himnum. Hann fór rangsælis um landið en hreppti ýmist þoku, norðanbál og í besta falli rigningu. Hann var samt í sumarfríi. Og þegar hann kom til baka með skælt og skrámað hústjaldið sitt hafði hann á orði að líklega yrði það Benidorm næst.

MERKILEGAST AF ÖLLU er að fáar þjóðir fara í jafn mikinn sumarham og Íslendingar. Svo virðist sem hægt sé að selja þeim nokkurn veginn allt sem tengist sól og sumri. Það þarf ekki einu sinni að nota höfðatölluna til að fá það út að óvíða á norðurhveli jarðar eru reistir jafn margir sólpallar eða sólskálar og á Íslandi. Að ekki sé talað um alla þá ofboðslegu fjölbreytni sem til er af alls konar græjum sem hægt er að nota við matseld og borðhald undir beru lofti. Ekki þarf náttúrlega að minnast á sumarhúsin, eða hjólhýsin, fellihýsin, tjaldvagnana. Bara að skeyta forliðnum „sumar-“ framan við varninginn – og þá er hann keyptur. Enda er íslenska sumarið langt, líklega lengra en þekkist í öðrum löndum. ■

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is